



 Hjálparstarf  
kirkjunnar

Starfsskýrsla 2008–2009

# Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2008-2009

Aðalfundur  
26. september 2009  
haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf  
kirkjunnar

## Efnisyfirlit

<b>Inngangsorð framkvæmdastjóra</b>	3	<b>Eþíópía</b>	18
<b>Verkefni innanlands</b>	4	<b>Malaví</b>	20
<b>Innanlandsaðstoð</b>	4	<b>Mósambík</b>	23
Áður óþekkt ástand	4	<b>Úganda</b>	25
Meiri ráðgjöf	5	<b>Neyðaraðstoð</b>	26
Símat	5	<b>ACT 26</b>	
Meiri aðstoð - oftár	6	<b>Eþíópía</b>	26
Framtíðarsjóður – unga fólkið	7	<b>Tansanía</b>	26
Velferð barna	7	<b>Kenýa</b>	27
Lyf og læknskostnaður	7	<b>Súdan</b>	27
Könnun: Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni	8	<b>Fræðslu- og kynningarmál</b>	27
<b>Innanlandsdeild í samstarfi</b>	9	<b>Fréttablaðið Margt smátt</b>	27
Jólaaðstoð	9	<b>Heimsóknir til hópa</b>	28
Samstarfshópur um götufólk	9	<b>Ljósmyndasýningar</b>	28
Velferðarvakt	9	<b>Leikverk á Listahátíð</b>	28
<b>Annað innlent starf</b>	9	<b>Hóperð til Úganda</b>	28
Changemaker – Breytendur	9	<b>Fræðsla meðal fermingarbarna – heimsókn frá Úganda</b>	28
<b>Samstarf og fundir</b>	10	<b>Safnanir og fjáröflun</b>	29
Samstarf við félag, stofnanir og opinbera aðila	10	<b>Fermingarbarnasöfnun 2008</b>	29
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur	10	<b>Jólasöfnun 2008</b>	29
<b>Próunarstarf</b>	11	<b>Hundrað kall á haus – söfnun með Rauða krossi Íslands</b>	29
<b>Innland</b>	11	<b>Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is</b>	29
Mannréttindasamtökin Social Action Movement	11	<b>Minningarkort</b>	29
Forskólar	11	<b>Fríðarljós</b>	29
Þrælabbörn leyst úr ánaud	12	<b>Sóknir</b>	30
Talsmannshlutverk SAM	13	<b>Safnað á kaffihúsum</b>	30
Þjálfun	13	<b>Bókin Velgengni og vellíðan</b>	30
Barnaþing	13	<b>Söfnunarsímar</b>	30
Meningarhópar	14	<b>Fé úr ýmsum áttum</b>	30
Sumarnámskeið og dagskrá á nýju tungli	14	<b>Erlent samstarf</b>	31
Símenntun starfsmanna	14	<b>Framkvæmdastjórafundur og árlegur fundur LHS</b>	31
Þjálfun fyrir unglinga	14	<b>Fjármál</b>	32
Opinn háskóli	14	<b>Söfnunarfé og útgjöld</b>	32
Verkalýðsstarf með stuðningi Eflingar – stéttarfélag	15	<b>Framlög til verkefna</b>	32
Skóli fyrir börn farandverkamanna	16	<b>Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk</b>	33
Þrælalald í Arpakkam	16	<b>Fulltrúaráð</b>	34
Sameinaða indverska kirkjan	17		
Skólar og heimavist	17		

## „Með þinni hjálp“

Starfsárið var það umfangsmesta í sögu Hjálparstarfsins bæði hér heima og erlendis. Stofnunin varði meiri fjármunum til hjálparstarfa en nokkru sinni fyrr. Innanlandshjálpin margfaldaðist að umfangi. Erlendis stóð stofnunin við allar skuldbindingar sínar þrátt fyrir gengisfall íslensku krónunnar.

Bakhjarlar Hjálparstarfs kirkjunnar, einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og opinberir aðilar hafa sýnt stuðning sinn í verki. Aldrei fyrr hafa jafn margir lagt Hjálparstarfinu lið bæði með fjárframlögum, vörum í matarbúr og sjálfbodastarfi. Kirkjuráð, prófastsdæmin og sóknirnar í landinu sýndu mikla samstöðu. Fyrir allt þetta vil ég þakka af heilum huga. Stjórn og starfsmenn Hjálparstarfsins hafa lagt sig fram við að ráðstafa þessu fé á ábyrgan og faglegan hátt þannig að sem flestir geti notið góðs af.

Ársskýrsla Hjálparstarfs kirkjunnar dregur upp glögga mynd af starfsemiinni á liðnu starfsári. Krónurnar, þótt verðlitlar séu um þessar mundir, skila sér áfram vel í löndum þar sem verðlag er miklu lægra. Í gegnum vel skipulagða aðstoð hefur verið hægt að breyta hag margra umfram þeirra björtustu vonir. Hér heima höfum við getað glætt von og styrkt baráttuþrek þeirra sem verst hafa orðið úti í efnahagshræringum síðustu missera. Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem Þjóðkirkja Íslands stofnaði til að samhæfa hjálparstarf kirkna í landinu og hafa um það forgöngu. Kristin gildi og mannskilningur eru undirstaða hjálparstarfsins. Aðstoðin er hins vegar veitt án tillits til hverjir viðtakendur eru og hver sé orsök neyðarinnar eins og tekið er fram í 5. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar. Allt hjálparstarfið byggist á hjálp til sjálfshjálpar og lögð er mikil áhersla á að komið sé fram við þá sem njóta aðstoðar af virðingu og kærleika.

Aðeins með hjálp allra landsmanna, á hvaða vettvangi sem þeir eru, vettvangi einkalífs, fyrirtækja eða hjá hinu opinbera, verður hægt að halda þessu mikilvæga starfi áfram. Þótt við getum ekki hjálpað öllum skiptir hjálpin þá miklu, sem hennar njóta. Margt smátt gerir eitt stór. Við horfum nokkuð hjartsýn fram á veginn. Með hagsýni og fyrirhyggju í góðærinu getum við nú tekið áföllum og veitt þá hjálp sem tilgangurinn var alla tíð að veita. Enn er borð fyrir báru – og alla storma lægir um síðir.

*Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri.*


## Verkefni innanlands

### Innanlandsaðstoð

Starf innanlandsdeildar Hjálparstarfs kirkjunnar einkenndist í vetur af kollsteypu efnahagslífsins. Umsóknnum um aðstoð fjölgaði gríðarlega, nýir hópar sóttu um aðstoð og viðfangsefni urðu erfiðari úrlausnar. Nýr félagsráðgjafi var ráðinn í 50% starf og átak gert til að fjölga sjálfboðaliðum í matarbúri. Vinnuáherslum var að nokkru breytt. Um leið brást samfélagið vel við. Fyrirtæki, félög, kirkjan og einstaklingar gáfu sig fram með fjármuni og vinnuframlag. Árið var erfitt og ögrandi en á margan hátt jákvætt.

### Áður óþekkt ástand


Strax eftir hrunið jókst fjöldi umsækjenda. Á árinu voru afgreiddar 3574 umsóknir í 7357 úhlutunum. Meðalaldur umsækjenda lækkaði en það fjölgaði í hópi yngstu umsækjenda á aldrinum 18-22 ára. Hlutfall kvenna og karla í umsækjendahópnum jafnaðist þar sem körlum fjölgaði. Mest fjölgaði umsækjendum sem nefndu atvinnuleysi sem ástæðu umsóknar. Aðstoðað var með fleiri þætti en áður og allt umfang jókst. Meðal nýrra umsækjenda voru þeir sem aldrei fyrr höfðu þurft að sækja sér aðstoð og reyndust þeim sporin þung. Sem dæmi má nefna marga karla í byggingavinnu, margir hverjir undirverktakar sem fljótt misstu verkefni og vinnu. Margir voru komnir að sextugu, höfðu aldrei kynnst atvinnuleysi, höfðu unnið mikið alla ævi, áttu sér oft engin áhugamál og áttu gríðarlega erfitt með að fóta sig í nýjum aðstæðum. Þeir og fleiri voru þrugaðir af reiði og örvæntingu. Tugir karla og kvenna sem svona var ástatt um komu til viðtals í viku hverri. Ljóst var að breyta þurfti vinnulagi til að anna eftirspurn eftir ráðgjöf og efnislegri aðstoð um mat, lyf, læknskostnað, kostnað vegna barna ofl. Byrjað var á að bæta við sjálfboðaliðum í matarbúrið. Vegna æ lengri biðraða eftir viðtali var komið upp númerakerfi, farið að bjóða upp á kaffi og spilun tónlist til að gera biðina þægilegri. Það dugði þó ekki enda yfir 100 manns sem komu á viðtalsdögum auk umsókna utan af landi sem sinnt var aðra daga. Hjálparstarfið gat ekki lengur haldið þeim staðli sem það hafði sett sér um ráðgjöf og aðstoð. Auglýst var eftir félagsráðgjafa í hálf starf. Helga Andrea Margeirsdóttir var ráðin í apríl 2009 og húsnæði breytt fyrir nýja skrifstofu sem sneri að biðstofunni.



## Meiri ráðgjöf

Hlutur ráðgjafar í aðstoð stofnunarinnar jókst verulega við þessar nýju aðstæður. Í ljós kom að fólk náði ekki að greiða úr fréttum fjölmiðla, það fylltist óryggi og áhyggjum. Fólk áttaði sig ekki á því hvaða aðgerðir stjórnvalda myndu hafa áhrif á stöðu þess og hverjar ekki. Því var mikilvægt að veita persónulega ráðgjöf og túlka úrræði og aðgerðir miðað við stöðu hvers og eins. Mikill tími fór einnig í það að kenna fólki að nýta úrræði sem í boði voru. Leiðbeina þurfti um hvernig t.d. vinnumiðlanir virkuðu, veita þurfti aðstoð við að sækja um vinnu og síðast en ekki síst að hvetja þá sem voru atvinnulausir til að halda virkni. Þá reyndi á þekkingu á gömlum og nýjum úrræðum. Samstarf við félagasamtök og stofnanir jókst. Með þessu móti tókst að styðja fólk til sjálfshjálpar. Með tímanum komst meiri ró á starfið þrátt fyrir annríki og mikla aðsókn. Fólk varð skilningsríkara, áttaði sig á því að stofnunin þyrfti að skipta því sem hún hafði til ráðstöfunar milli fleiri umsækjenda. Þegar frá leið varð fólk þakklátara fyrir veitta aðstoð og var það starfsmönnum styrkur að finna að aðstoðin skipti fólk máli.


### Þróun meðalaldurs milli starfsára




### Aukning eftir aldurshópum milli starfsára

	2007-2008	Hlutfall hóps af heild '07-'08	2008-2009	Hlutfall hóps af heild '08-'09	Aukning milli starfsára
til 19 ára	7	0%	42	1%	500%
20-29 ára	423	12%	1332	18%	215%
30-39 ára	784	23%	1913	26%	144%
40-49 ára	870	26%	1798	24%	107%
50-59 ára	705	21%	1410	19%	100%
60-69 ára	435	13%	626	9%	44%
70-79 ára	169	5%	213	3%	26%
80-89 ára	16	0%	23	0%	44%
	<b>3409</b>		<b>7357</b>		<b>116%</b>

## Ástæður úthlutunar á starfsári 2008-2009



## Atvinnuleysi ástæða úthlutunar á starfsári 2008 - 2009




### Símat

Á þessum tíma átti sér stað sífellt mat innan stofnunarinnar á því hvernig fjármunum yrði best varið. Ákvarðanir um breytingar, stórar og smáar, voru teknar eftir því sem þörfin birtist í viðtölum, í biðstofu og í matarbúri. Auk þess var aðalfélagráðgjafi Hjálparstarfsins fenginn til þess að taka þátt í Velferðarvakt á vegum stjórnvalda. Þar sem Hjálparstarfið heldur utan um tölfræði aðstoðarinnar var stofnunin í góðri aðstöðu til að veita upplýsingar og fylgjast með breytingum í samfélaginu eftir að kreppan skall á.

### Meiri aðstoð - oftari

Almennt varð kreppan til þess að aðstoð varð breiðari og umfangsmeiri. Þó var ákveðið að áhersla skyldi vera á það að hjálpa fólki að halda heimili, að það gæti eldað heima og stutt börn sín til skólagöngu og tómtunda þannig að þau myndu sem minnst fyrir kreppunni. Stuðningur vegna lyfjakaupa og læknskostnaðar jókst. Tilfellum fjölgaði þar sem þurfti að hjálpa fólki að



greiða orkureikninga og aðrar nauðsynjar umfram matvæli. Þau voru þó uppistaða aðstoðarinnar. Aukið var við innihald matarpakka og fylgst með verðhækkunum þannig að hægt væri að bæta fólki upp það sem hækkaði mikið í verði. Skiptum sem fólk mátti koma var fjölgað úr þremur skiptum auk jóla í 5 skipti auk jóla. Fólk á landsbyggðinni mátti sækja um oftara enda ekki til annarra samtaka að leita þar, eins og höfuðborgarbúar geta gert. Áfram var boðið upp á langtímaaðstoð í sérstökum tilfellum.

### Framtíðarsjóður – unga fólk

Framlögum úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins fjölgaði á árinu og sannaði hann gildi sitt. 47 ungmenni úr 12 sveitarfélögum fengu aðstoð vegna skólagjalda, bóka- og efniskostnaðar. Tveir fengu fartölvur þar sem þær voru skilyrði fyrir námi og aðstoðað var vegna gleraugnakaupa og lækniskostnaðar. Samtals námu styrkir rétt rúmlega einni milljón króna.

### Velferð barna

Á starfsárinu var lögð enn meiri áhersla á velferð barna í nýjum aðstæðum. 68 börn fengu stuðning annað hvort vegna skólabyrjunar haust- og vorönn 2008–2009 eða vegna sumargjafa og sumarnámskeiða. Þau börn voru úr 24 sveitarfélögum. Um jólin fengu hátt á annað hundrað foreldrar gjafakort í Hagkaup til að gleðja börn sín með fötum og gjöfum. Velferðarsjóður barna á vegum Íslenskrar erfðagreiningar kostaði þennan þátt.

### Lyf og lækniskostnaður

Eins og undanfarin ár hefur stofnunin átt samstarf við Reykjavíkureild Rauða krossins um lyfjaaðstoð í Reykjavík. Eftirspurn eftir slíkri aðstoð jókst mikið á árinu um leið og mörg lyf hækkuðu í verði. Stofnunin hafði ekki bolmagn til að svara öllum umsóknum enda margir sem sóttu um aftur og aftur. Var frekar farin sú leið að hjálpa fleirum en sjaldnar. Varkárni er gætt í því hvaða lyf eru greidd til þess að koma í veg fyrir að fólk leysi út lyf sem það hyggst endurselja. Öll lyf eru greidd beint í lyfjaverslanir. Umdeilanlegt er hversu langt stofnun eins og Hjálparstarf kikjunnar á að sinna þætti sem þessum sem ætti að vera verkefni hins opinbera.



## Könnun:

### Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni

Eftir hrun efnahagskerfisins fann starfsfólk Hjálparstarfsins fyrir mikilli reiði og örvæntingu hjá þeim hópi sem leitaði eftir aðstoð. Til þess að fá skýrari mynd af líðan umsækjenda var lögð fram könnun í aprílmánuði 2009. Bar hún yfirskriftina: *Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni*. Könnunarblöð lágu frammi á biðstofu Hjálparstarfsins og voru allir hvattir til að svara henni. 76 einstaklingar svöruðu eða um 20% þeirra sem sóttu um aðstoð í apríl. Þess skal getið að í þessum mánuði var hlutfall útlendinga meðal umsækjenda óvenjuhátt. Auk þess voru margar umsóknir afgreiddar til fólks utan höfuðborgarsvæðisins sem aldrei kom á skrifstofuna. Þannig má segja að ef einungis er tekinn sá hópur sem kom á skrifstofuna í leit að aðstoð og talaði íslensku hafi svarhlutfall verið mun hærra eða á milli 40-50%. Könnunin er raðkönnun og verður hún lögð fyrir aftur í október 2009 og afur á vordögum 2010. Ekki munu sömu svarendur taka þátt þá, nema að litlu leiti. En hóparnir verða þó að mörgu leiti líkir. Í þeim öllum er fólk sem er svo illa statt að það þarf að leita sér aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar. Við teljum að samanburður úr þessum könnunum geti gefið mikilvægar upplýsingar um hvort andleg líðan þeirra sem til okkar sækja og viðbrögð þeirra við kreppunni, breytist þegar þrengingar þeirra hafa staðið yfir í lengri tíma.

#### Helstu niðurstöður

76 einstaklingar svöruðu öllum spurningum eða 56 konur og 20 karlar.

76% svarenda voru á aldrinum 26-60 ára en 17% voru 18-25 ára.

50% voru einstæðir foreldrar.

19% áttu maka.

65% bjuggu í leiguhúsnæði og 20% í eigin húsnæði.

82% voru með tekjur frá ríki eða sveitarfélagi en um 7% stunduðu vinnu.

14% svarenda höfðu misst vinnuna vegna kreppunnar.

18% sögðust bera þá tilfinningu að þau hefðu ekki staðið sig og þess vegna væru þau í þessum sporum nú. Hins vegar töldu 12% sig eiga í erfiðleikum vegna þess að aðrir hefðu ekki staðið sig.

#### Efnahagur heimilisins

Varðandi heimilsrekstur sögðu um 78% að þau myndu verulega fyrir herra verði á nauðsynjum. 55% sögðust ekki eiga fyrir nauðþurftum eftir að kreppan skall á og 51% finna fyrir verulega aukinni greiðslubyrði. 37% höfðu hætt við að fara til læknis vegna kostnaðar og 33% hafa ekki getað greitt fyrir lyf. Um hag barna sinna sögðust 58% hafa sleppt því að kaupa fyrir börn sín það sem þau hefðu keypt áður. Um 16% töldu börnin sín ekki fá nóg að borða og 14% höfðu látið börnin hætta í tómsendum.

#### Andleg líðan

Hvað varðaði andlega líðan sögðust 61% finna oftar fyrir svefnleysi, 56% oftar fyrir þunglyndi og 50% sögðust svartsýnni og hafa minna sjálfstraust en áður. 30% sögðu að kreppan hefði haft áhrif á sjálfsmat þeirra til hins verra. 39% upplifðu nær daglega reiði, sárindi eða bjargarleysi vegna þjóðfélagsástandsins. Um 33% sögðu mikla orku fara í að láta eins og allt væri í lagi og 23% myndu vilja fá aðstoð vegna andlegrar líðanar en hefðu ekki efni á því. 14% þeirra sem tjáðu sig um andlega líðan maka töldu maka finna fyrir auknu svefnleysi 13% töldu maka glíma við aukið þunglyndi og 9% sögðu maka sína drekka meira en áður. Andleg líðan barna virðist hafa versnað. 30% svarenda sögðu börn sín vera uppstökkari en áður og 23% töldu þau sofa verr, vera grátgjarnari og horfa meira á sjónvarp.

#### Viðhorf til aðstoðarinnar

Einnig var spurt um það hvornig fólk upplifði samskipti sín við Hjálparstarfið. Helst má nefna að 58% fannst erfitt að koma og þiggja aðstoð en um 36% fannst sjálfsagt að fá aðstoð þar sem þau ættu ekki sök á kreppunni. 40% fannst erfitt að bíða eftir viðtali innan um annað fólk. 50% sem svöruðu höfðu leitað aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir kreppu.

## Innanlandsdeild í samstarfi

### Jólaaðstoð

Eins og undanfarin jól átti Hjálparstarfið samstarf við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild Rauða krossins. Fjölmörg fyrirtæki lögðu jólaaðstoð lið og má nefna tvo aðila sérstaklega: Straum sem veitti dygga hjálp með góðu húsnæði, velvild og margvíslegri aðstoð og Pokasjóð sem gaf gjafakort í verslanir sem standa að sjóðnum fyrir 50 milljónir. Rúmar 2500 umsóknir voru afgreiddar um jólin til umsækjenda úr 54 sveitarfélögum um allt land.

### Samstarfshópur um götufólk

Starfsháttum samstarfshóps um götufólk var komið í fastari skorður á árinu. Að samvinnu um málefni þessa hóps koma auk Hjálparstarfsins, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Samhjálp, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, geðsvið Landspítala og Reykjavíkurdeild RKÍ. Er nú um formlegt samstarf þessara stofnana að ræða en ekki aðeins vettvang áhugafólks. Samstarfshópurinn hittist reglulega og stóð að fjölmönnum morgunverðarfundum þar sem farið var yfir niðurstöður úr málþingum og stefna tekin.

### Velferðarvakt

Þegar kreppan skall á skipuðu stjórnvöld svokallaða Velferðarvakt. Vaktin er skipuð fagfólki úr ýmsum geirum sem vinnur náið með ólíkum hópum þjóðfélagsins. Nefndarmenn kynna þannig frá fyrstu hendi áhrifum kreppunnar á landsmenn og beina tillögum til stjórnvalda um möguleg viðbrögð. Aðalfélagaráðgjafi Hjálparstarfsins varð fulltrúi Biskupsstofu á Vaktinni. Fór hann þar fyrir undirhópi Velferðarvaktarinnar sem hafði með málefni þeirra verst settu, eftir hrun bankanna, að gera. Sá hópur skiladi tveimur skýrslum um stöðu þessa hóps og hugsanleg úrræði. Þær má lesa á heimasíðu félagsmálaráðuneytis undir <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/> Aðalfélagaráðgjafi Hjálparstarfsins fundaði einnig reglulega með prófastdæmum og Reykjavíkurborg um stöðu mála.

## Annað innlent starf

### Changemaker – Breytendur

Changemaker – Breytendur (et. Breytönd) er ungliðahreyfing undir hatti Hjálparstarfs kirkjunnar, fræðslusviðs Biskupsstofu og Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavík. Hún hefur það markmið að gera heiminn sanngjarnari og réttlátari með jákvæðum og raunhæfum aðgerðum hér heima. Breytendur vinna gegn fimm birtingarmyndum óréttlætis í heiminum; hlýnun jarðar, ósanngjörnum viðskiptum, óréttmætum skuldum, ófriði og alnæmisfaraldrinum. Þetta eru vandamál sem vestræn lönd bera mikla ábyrgð á en bitna fyrst og fremst á þróunarríkjum.

Í október 2008 fóru fjórir úr hópi Breytanda til Indlands að kynna sér verkefni Hjálparstarfsins þar. Eftir heimkomuna skrifuðu félagar greinar og

sögðu frá ferðinni í skólum og kirkjum. Hópur virkra Breytanda stækkaði talsvert í vetur og samstarf við æskulýðshópa innan kirkjunnar jókst. Breytendur héldu í lok vetrar helgarnámskeiðið Fjæðrafok þar sem hreyfingin var kynnt nýjum meðlimum. Breytendur hafa í lífsleiknikennslu kirkjunnar í framhaldsskólum fjallað um misrétti í heiminum og staðið fyrir Fair trade-kynningum. Á Fair trade-deginum 9. maí stóðu þau með öðrum að trumbuslætti á Austurvelli til að vekja athygli á málefnum. Sama gerðu hópar um allan heim. Breytendur mótmæltu þingsályktunartillögu á Alþingi um áframhaldandi undanþágu Íslands til að auka útblástur gróðurhúsalofttegunda, með tölvupósti á alla þingmenn. Breytendur voru í framhaldinu kallaðar á fund umhverfisnefndar Alþingis til að koma skoðunum sínum framfæri. Einnig hafa þær lagt starfi Hjálparstarfsins lið með sölu friðarljósa og gjafabréfa fyrir jólin, með einstaklega góðum árangri. Changemaker – Breytendur eru vaxtarbroddur innan Hjálparstarfsins og mikill akkur í því að hafa ungt og kraftmikið fólk til margra verka. Sjá heimasíðu [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is)

## Samstarf og fundir

### Samstarf við félög, stofnanir og opinbera aðila

Á samráðsvettvangi 7 frjálsra félagasamtaka (ABC-barnahjálpar, Barnaheilla – Save the Children, Hjálparstarfsins, Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, Rauða kross Íslands, UNICEF, UNIFEM) sem stofnað var til árið 2006 var í vetur haldið málþing um áhrif efnahagskreppunnar á starfsemi og afkomu frjálsra félagasamtaka. Töluðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar um stefnumótun við breyttar aðstæður og mikilvægi góðs samstarfs. Jónína Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands gaf dæmi um afleiðingar þess þegar fjármagn hverfur í þróunarlandi og þrír fulltrúar samtakanna sjálfra sögðu frá því hvernig þeirra samtök hefðu brugðist við kreppunni. Félagin ræddu á árinu ýmsa samstarfsmöguleika s.s. sameiginlega sjónvarpssöfnun, ójafnan aðgang að fjáröflunarleiðum, að setja sér sameiginlegar siðareglur og fleira.

Samkvæmt nýjum lögum eiga 5 fulltrúar frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð sæti í 15 manna samstarfsráði á vegum utanríkisráðuneytisins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Fulltrúar félagasamtaka í samstarfsráðinu 2008-2013; Hjálparstarfkirkjunnar, Kristniboðssambandið, Rauði krossinn, SOS-barnaþorp og UNIFEM endurspeglar sameiginleg sjónarmið allra samtakanna.

### Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur

Aðalfundur var haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju 27. september 2008. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa sögðu Dúfa Sylvía Einarsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Ármann Gunnarsson og Harpa Stefánsdóttir frá ferð til Úganda í ágúst í máli og myndum. Á fulltrúaráðsfundi 7. mars 2009 í safnaðarheimili Grensáskirkju var stiklað á stóru í starfinu, sýndar myndir frá ferð framkvæmdastjóra og fræðslu- og upplýsingafulltrúa til

Malaví en aðalefni fundarins var innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar flutti erindi. Síðan voru umræður í hópum um ákveðnar spurningar og niðurstöður kynntar.

## Þróunarstarf

### Indland

Hjálparstarf kirkjunnar hefur í nær 20 ár styrkt tvenn samtök á Indlandi með tvíhliða samningum. 5,2 milljónum var varið til verkefna á vegum mannréttindasamtakanna Social Action Movement í Tamil Nadu-fylki og 14,6 milljónum til skólustarfs United Christian Church of India í Andhra Pradesh.

### Mannréttindasamtökin Social Action Movement

#### Forskólar

Hjálparstarf kirkjunnar styður 10 forskóla hjá mannréttindasamtökunum Social Action Movement (SAM). Börnin eru 2-5 ára og öll börn þvottamanna eða svokallaðra „tribals“, afkomenda frumbyggja, sem eru hvað lægst settir meðal hinna stéttlausu. 152 börn sóttu skólana á árinu, 33 náðu aldri til að halda áfram í almennum skólum og 29 komu ný inn. 138 börn fengu skólabúninga í upphafi skólaársins. Það var hátíðleg athöfn sem var foreldrum og börnum hvatning. Mikil vinna fer fram með foreldrum, að fræða þá um skólakerfi landsins og um gildi menntunar fyrir börnin. Séu börnin ekki í skóla eru þau með foreldrum sínum á misóheilnæmum vinnustöðum. Nauðsynlegt er að foreldrar skilji gagnsemi þess að börnin fari í forskólann til þess að þeir styðji börnin til að mæta vel, sjái til þess að þau séu hrein og sæmilega útbúin og geti rætt við þau um það sem þau læra. Kennslan er sérsniðin að þörfum þessa hóps sem hefur enga sögu um skólagöngu í fjölskyldum sínum og kennt er í gegnum leik. Keypt voru kennslugögn og ýmislegt til íþróttaiðkunar til allra skólanna. Börnin njóta þess að koma í skólann, þau fá tækifæri til að leika sér, læra, fá heilnæman mat og eru rólegri og una sér betur en í reiðuleysi með vinnandi foreldrum. Börnin fá mat í forskólunum, kjöt tvisvar í viku. Ný eldhús voru reist við fimm skólanna. Foreldrafundir eru einu sinni í mánuði og kennarar eiga að heimsækja hverja fjölskyldu einu sinni á ári. Sumarbúðir voru haldnar fyrir forskólabörnin í 7 daga í maí. Mikil eftirvænting ríkti en þetta er oft eina tækifæri barnanna til að komast út fyrir sitt nánasta umhverfi. Búðirnar eru blanda af leik, námi og réttindafræðslu. Tvö námskeið voru haldin fyrir kennara. Endurmenntun þeirra snýr að sálfræði og þroska barna á forskólaaldri. Þeir fá æfingakennslu og eflast í kennslufræði og kynnast nýju námsefni. Kennarar fá sérstaka þjálfun í að taka við nemendum sem hafa hætt í skóla, og farið er í mikilvægi þess að stofnaðar séu skólanefndir í hverju þorpi, en það hafði einmitt verið gert. Hreinlæti er alltaf hamrað á. Haldið var upp á árlegan hátíðsdag (annual day) með þátttöku opinberra starfsmanna í málefnum barna. Ræður voru fluttar, börnin

kepptu í ýmsu og verðlaun voru veitt. Allir fengu svo kvöldverð sem alltaf skiptir miklu máli þegar unnið er með svo fátæku fólki.

### Prælabörn leyst úr ánauð

Samkvæmt SAM er mesti fjöldi þrælábarna í veröldinni á Indlandi. Börnin vinna í iðnaði og þjónustu, oft tengt útflutningi. Dæmi um vinnu barnanna er við fatasaum, vefnað og textíllitun, skósmíði, í hrísgrjónarverksmiðjum, við að búa til múrsteina, í stáliðnaði, þar sem gler er blásið, eldspýtnagerð, þar sem eðalsteinar eru pússaðir, í vegagerð og við fleiri óheilmæma og hættulega vinnu þar sem engar öryggiskröfur eru gerðar og aðstæður skaða heilsu og þroska barnanna. Fæst hafa nokkurn tíma farið í skóla eða þau hafa hætt ung. Þau njóta engra mannréttinda og æskan er tekin frá þeim. Á starfssvæði SAM í Kanchipuram í Tamil Nadu er mikill fjöldi þrælábarna. Borgin er ein miðstöðva hindúasiðar og mikil verslun er með fallegan vefnað sem fólk kaupir fyrir heimsóknir í 1000 hof borgarinnar. SAM hefur hingað til leyst um 600 börn úr ánauð með öllum þeim undirbúningi og eftirfylgni sem þarf til að þess að árangur sé varanlegur. Um 2000 börn hafa losnað vegna áróðurs og þrýstings SAM á stjórnvöld.

Aðferð SAM við að leysa þrælábörn úr ánauð er að leita þau uppi og koma þeim í einn af 12 kvöldskólum sem samtökin reka. Þar fá börnin fræðslu um réttindi sín, kynnast öðrum í sömu sporum, fá hvatningu til að fara í skóla og kennslu til þess að búa sig undir almenna skólagöngu. Þeim er einnig kennt að spara og gera þau það. Börnin sækja kvöldskóla í tvo tíma á dag í um 6 mánuði á meðan þau eru áfram í vinnunni. Samhliða er unnið með foreldrum að viðhorfabreytingu. Þeir fá réttindafræðslu og aðstoð til að afla meiri tekna og leggja fyrir svo þeir þurfi síður að taka lán og setja börnin aftur í vinnu fyrir þeim. 514 börn sóttu kvöldskólana þ.a. 276 strákar og 238 stelpur. Í Arpakkam var byggður og opnaður nýr skóli, þar sem börn stéttlausra í steinnámum fá kennslu. Börnin eru ánægð í kvöldskólunum, upplifa þar alveg nýja hluti og öðlast gleði og von. Kvöldskólarnir vinna eftir heildrænni stefnu. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd barnanna og hæfileika til að koma skoðunum sínum á framfæri, þannig að þau geti tekist á við þá erfiðleika sem óhjákvæmilega bíða þeirra. Próf eru haldin mánaðarlega til að hægt sé að fylgjast með framförum. Mikið er lært í gegnum söng og talað mál. Þegar börnin eru tilbúin til að fara í almenna skóla og foreldrar tilbúnir að styðja þau, er skuldin greidd og börnin leyst úr ánauðinni. 113 börn voru leyst úr skuldaánauð á árinu. Við hátíðlega athöfn í maí fékk 41 barn skólabúning, bækur og ritföng. Börn sem komin eru í almenna skóla geta fengið námsstyrki hjá SAM. 279 börn fengu slíkan stuðning í vetur. Var hann samsettur af fé sem foreldrar og börn höfðu lagt í menntunarsjóð meðan börnin voru í kvöldskólunum og jafnháu mótframlagi SAM. Foreldrar hittast á foreldrafundum SAM einu sinni í mánuði og er skyldumæting. Þar er stálinu stappað í þá, frætt er um réttindi fólksins og þjónustu og styrki hins opinbera, sífellt er hamrað á mikilvægi menntunar, aga og sparnaðar og foreldrum hjálpað til að standa sig. Eftirfylgni er lykilþáttur í að það að leysa börn úr skuldaánauð og þrælavinnu skili sér til framtíðar. Eitt dæmi

um eftirfylgni er tveggja daga námskeið sem SAM skipulagði fyrir fyrrum þrælaborn sem komin eru í almenna skóla til að búa þau undir vorprófin. Auk þess höfðu sérstaklega ráðnir kennarar hitt börnin á tveggja vikna fresti alla önnina með aukatíma.

### Talsmannshlutverk SAM

Áróðursstarf SAM gegn barnaþrælkun er mikið. Beinist það að börnunum sjálfum, vinnuveitendum og almenningi. SAM prentar plaköt sem hengd eru upp á fjölförnum götum, heldur mótmælafundi sem verkalyðsfélög og stjórn málaflakkar taka stundum þátt í enda snertir ástandið marga. SAM kemur á fundum með ráðamönnum og heldur sýndarréttarhöld. Í þeim flytja börnin mál sitt og þekktir aðilar úr samfélaginu s.s. formenn réttindafélaga, núverandi eða fyrrverandi dómarar, lögreglustjórar og aðrir sem tengsl hafa á rétta staði meta málflytninginn og kveða upp úrskurð. Sýndarréttahöldin hafa auðvitað ekki lagalegt gildi en SAM nær þannig eyrum áhrifaaðila. Eitt mál sem SAM beytti sér fyrir í vetur var að vekja athygli ungs fólks á áhrifum bíómynda og auglýsinga, hvernig þær verða flótti frá raunveruleikanum og skapa tálsýn sem ungt fólk fer að eltast við. Þess eru dæmi að ungar stúlkur svipti sig lífi af því að rómantískar bíómyndahugmyndir gengu ekki upp. Skólar í bænum voru hrifnir af þessu átaki og fengu plaköt til að hengja upp hjá sér. SAM hélt sérstakt námskeið um þetta fyrir 100 stúlkur.

### Þjálfun

SAM stendur fyrir alls kyns þjálfun fyrir ólíka hópa til að vekja þá til vitundar um mannréttindabrot gagnvart börnum og fullorðnum. Þar á meðal eru barnaþing, menningarhópar, sumarnámskeið fyrir þrælaborn og símenntun starfsmanna.

### Barnaþing

Barnaþing SAM eru orðin um 300 á þremur starfssvæðum SAM. Þar læra börnin hvernig lýðræðisþjóðfélag virkar og mótast sem framtíðarleiddogar. Þau eru þingmenn og kjósa sér ráðherra og fjalla um hagsmunamál sín á skipulegan hátt. Þau læra að setja saman skýrslur og flytja mál fyrir hópi hlustenda. Þau senda fulltrúa á sameiginleg þing allra barnaþinganna. Á nýjasta starfssvæði SAM, Arpakkam, þar sem fólk vinnur í steinnámum við þrælakjör, tóku börnin viðtöl við íbúana. Þau voru í fylgd starfsmanna bæjarins, tóku saman helstu kröfur íbúana og ræddu þær á þingi sínu. Börnin hafa oft farið með kröfur til stjórnvalda og fengið sum mál í gegn. Dæmi um það sem brennur á börnunum er að fá skólabíla, auka umferðaröryggi við skóla og fá betri götulýsingu. Þau vilja fá einn kennara fyrir hverja 25 nemendur, vilja kennslu í talaðri ensku, fá heilsusamlegan mat í skólanum og heilsufarseftirlit. Oftar en ekki eru fengnir fulltrúar frá háskólum, þingmenn, opinberir starfsmenn og fleira áhrifafólk til að fylgjast með. Fyrir þingkosningar í fylkinu hittu barnaþingin í Kanchipuram alla 20 frambjóðendurna og fengu þeim lista yfir 15 baráttumál sín. 6 frambjóðendur komu auk þess á ráðstefnu barnaþinganna. Við annað tækifæri stóðu

100 börn fyrir kröfugöngu gegn barnaprælkun og vöktu mikla athygli. Nokkur námskeið voru haldin fyrir mismunandi barnaþing, öll um starfs-  
hætti opinberra aðila, hvernig þing, kosningar, flokkastarfsemi er háttað,  
hvernig velferðarkerfið virkar, um fjölda þingmanna og möguleika þeirra  
til að vinna að málum, laun þeirra og fleira. Til að halda utan um barna-  
þingin hefur SAM stofnað foreldrafélög í þeim skólum sem þingin starfa  
og fengið kennara til að vera með. Foreldra- og kennarafélagið þrýstir svo  
á hið opinbera með börnunum.

### Menningarhópar

Undir þessum lið eru götuleikhús og danshópar sem SAM þjálfar í radd-  
beitingu, leik og dansi til þess að miðla boðskap um mannréttindi, um að  
vernda bernskuna, mikilvægi skólagöngu ofl. Þessi leið skilar sér afar vel til  
ólæsa.

### Sumarnámskeið og dagskrá á nýju tungli

Sumarnámskeið var haldið í 5 daga í maí fyrir 50 þrælaborðn úr kvöldskól-  
unum. Þetta var fyrst og fremst hvatningarnámskeið í annars ömurlegum  
aðstæðum barnanna. Þau fá kennslu í almennum námsgreinum til að  
styrkja þau enn frekar en mikil áhersla er á leik og lífsleikni, sagðar sögur,  
æfð leikrit ofl. Daga sem nýtt tungl ber upp á er opin dagskrá til þess að ná  
til nýrra þrælaborðna. Þessir dagar eru einu frídagar þeirra yfir árið. Sum  
börn fá þó ekki að fara út fyrir svæði vinnustaðarins en starfsmenn SAM  
reyna að ná til þeirra leynilega. Þessa daga er skipulögð skemmti- og  
fræðsludagskrá í heilan dag með máltíð og kaffi sem að meðaltali 100 börn  
sækja. Það er fyrsta snerting við þrælaborðnin og upphaf þess að þau  
vonandi koma í kvöldskólana og öðlist loks frelsi.

### Símenntun starfsmanna

Starfsmenn sóttu námskeið í september um félagsmál, efnahags- og stjórn-  
mál til þess að skilja betur samhengi baráttunnar gegn barnaprælkun og  
mannréttindabrotum á stéttlausu fólki. Einnig er farið í barnasálfræði,  
kennslufræði ofl. Hver starfsmaður á að ná til 2-5 nýrra þrælaborðna í hverj-  
um mánuði og koma þeim í kvöldskólana. Þeir eiga að heimsækja eldri  
nemendur reglulega.

### Opinn háskóli

Kanchipuram Community College er háskóli SAM fyrir stéttlaus ungmenni.  
Þau hafa ekki komist í nám annars staðar vegna félagslegra og efnahags-  
legra aðstæðna. Skólinn tekur mið af markhópnum og leggur mikla áherslu  
á að efla sjálfsmat, auka lífsleikni með námstækni, leiklist, söng. Kynnisferðir  
eru farnar og samvinna er við fyrirtæki á svæðinu um starfsþjálfun og að  
taka nemendur í vinnu. Boðið er upp á þrjár námsleiðir:

1. Þriggja ára almennt háskólanám (10 nemendur á vorönn 2009)
2. Eins árs nám í að skrifa texta, brjóta um og ganga frá til prentunar sem  
29 nemendur tóku þátt í á vorönn 2009

3) Eins árs nám þar sem 25 nemendur velja vélritun og tölvunám eða klæðskurð.

Skólinn gefur nemendum einstakt tækifæri til að fá þjálfun í því sem fjölskyldur, skóli og umhverfi þeirra hefur ekki getað veitt. Samstarf er við aðra háskóla og hefur hluti námsins verið metinn til jafns við próf úr öðrum skólum. Nemendur KCC taka þátt í keppni af ýmsu tagi og fékk nemandi skólans 1. verðlaun í teiknisamkeppni 19 háskóla. Leikhópur KCC fékk 2. verðlaun fyrir leikþátt í sömu keppni. Vegna samstarfs við atvinnulífið komst 31 nemandi í vinnu eftir að hafa lokið námi. Fyrir tilstilli skólans, komust stéttlaus ungmenni, utan skólans, að hjá fyrirtækjum sem tengdust skólanum en þau höfðu ekki fengið vinnu upp á eigin spýtur. Styttri námskeið eru haldin yfir skólaárið; í að setja saman tölvur, ökunámskeið og lífsleikninámskeið. Foreldrar fá góða kynningu og fræðslu til að geta hvatt börn sín og skilið hvað þau eru að fást við. Starfsfólk fær endurmenntunarnámskeið en mikið veltur á áhuga þeirra til að virkja nemendur með svo lélegan grunn sem þessir hafa. Sumarnámskeið voru haldin í apríl og maí. 128 nemendur lærðu á tölvur, 115 lærðu vélritun og 17 klæðskurð.

#### Verkalýðsstarf með stuðningi Eflingar – stéttarfélags

Efling – stéttarfélag hefur frá árinu 2006 stutt verkalýðsstarf á vegum SAM. Framlag fyrir samningstímabilið júní 2007 til maí 2009, nam 1.850.000 krónum. Starfandi verkalýðsfélög SAM eru verkalýðsfélag kvenna, félag þvottafólks, félag sykkureyrskurðarmanna og svokallaðra tribals sem eru afkomendur frumbyggja. Í vetur fór fram leiðtogaþjálfun fyrir 100 leiðtoga verkalýðsfélaga. Þeir fengu þjálfun í að skipuleggja tíma sinn og vinnu. Þeir voru fræddir um réttindi fólks sem giftist milli stétta. Það hefur oft miklar félagslegar afleiðingar fyrir hjónin og börn þeirra og gott að leiðtogar geti verið til ráðuneytis komi slíkt upp. Rætt var um hvernig alþjóðavæðingin hefði haft áhrif á hugsunarhátt fólks í þá veru að það hugsaði meira um eigin hag en hag heildarinnar. Einnig var rætt um áfengisvandann í héraðinu eftir að ríkið tók til við sölu áfengis. Fjölgaði þá útsölustöðum mikið og fátækt fólk sem vill flýja raunveruleikann eyðir þar því litla fé sem það aftar. Á tímabilinu febrúar til september skráði SAM 500 verkamenn í félögum sínum í tryggingakerfi hins opinbera. Það er ekki hægt nema fólk sé skráð í félög. Áður en SAM kom til voru engin félög fyrir stéttlausa svo þeir voru sjálfkrafa útilokaðir frá tryggingum. Margir hafa nýtt sér styrki sjóðsins til að mennta börn sín. Haldið var námskeið fyrir um 60 konur um kynbundið ofbeldi. Fulltrúi stjórnvalda í Tamil Nadu í þeim málaflokki, stjórnaði námskeiðinu. Hún kynnti lög og opinbera þjónustu og styrki sem hjálpuðu konum og fræddi um eðli ofbeldis og leiðir til að stöðva það. 10 konur sóttu námskeið í leikfangagerð og viðskiptum sér til framfærslu. Önnur námskeið voru haldin. Halda átti ökunámskeið fyrir konur en þar sem ekki fékkst næg þátttaka var ákveðið að gefa sonum þeirra kost á því. Voru þeir valdir eftir því hversu mikið mæður þeirra höfðu tekið þátt í starfi samtakanna og innan þess hóps, þeir



fátækustu valdir. Gerðar voru athugasemdir við þetta þannig að fé sem ætti að nýtast konum endaði ekki með því að nýtast körlum. Frekar ætti að finna það sem konur teldu nýtast sér og styrkja þær til þess. Var vel tekið í það með framtíðarverkefni í huga. Árlegt námskeið fyrir alla félagsbundnar um atvinnuskapandi leiðir var að þessu sinni um skepnuhald til framfærslu. Mannréttindafræðslan var í ýmsu formi. Í vetur var farin herferð fyrir hreinu vatni til að vekja fólk til vitundar um rétt sinn til vatns. Leiðin sem var farin var að fræða um hve áin Palar sem rennur um héraðið væri orðin vatnslítil og menguð vegna sandnáms, ofnýtingar stórra fyrirtækja og úrgangs. Áin hefur um aldir verið vatnsból íbúa við hana en hún fer nú þverrandi. Á vettvangi verkalyðsfélaganna var í kjölfarið rætt um til hvaða aðgerða SAM skyldi grípa gegn Pepsi-fyrirtækinu, einu hinna stórtæku fyrirtækja sem ofnýtir og mengar vatn sem tilheyrir öllum. SAM hélt teiknisamkeppni fyrir börn félagsmanna, menningartengt námskeið fyrir unglunga til að efla félags- og réttindavitund þeirra, námskeið um spillingu og hvernig stjórn málin virka oft gegn hagsmunum dalíta ofl. Um leið og ungmenni læra leiklist, að tjá sig á annan hátt, gera eitthvað nýtt og gagnlegt er fjallað um misrétti í samfélaginu, dyggðir eins og stundvísi, heiðarleika og samhygð. Um 60 ungmenni, börn félagsmanna, fengu einnig fræðslu og þjálfun í að taka próf, starfsráðgjöf og að sækja um vinnu, læra að þekkja sjálfan sig, veikleika sína og styrkleika. Á menningartengdum námskeiðum lærðu félagsmenn gamla dansa og söngva sem fylgt hafa dalítum um aldir. SAM rekur þetta starf allt fyrir framlög frá Eflingu. SAM segir gríðarlega breytingu verða á fólki sem kemur nýtt inn í samtökin. Það gerir sér loks grein fyrir stöðu sinni í samhengi við samfélagið í heild og verður einbeitt í að ná fram breytingum. Alltaf heyrir það frá félagsmönnum að það hafi ekki verið fyrir en eftir að þeir kynntust SAM sem þeir upplifðu sig menska (human), að aðrir litu á þá sem fullgilda menn. Meiri grundvallarárangri er tæpast hægt að ná.

### Skóli fyrir börn farandverkamanna

Hjálparstarfið hafði milligöngu um styrk íslenskra einkaaðila til að byggja skóla í Nesapakkam, í útjaðri Chennai-borgar. Þar þjónar séra Martin, forstöðumaður SAM-samtakanna, við kaþólska kirkju. Hún rekur félagslega þjónustu við hóp farandverkamanna sem sækir inn til borgarinnar þar sem vinna er mjög stopul í heimasveitum þeirra. Margir í lengjast þar við ömurlegar aðstæður, aðkast og ofríki borgarbúa. Engir skólar voru fyrir börn þeirra svo kirkjan sóttist eftir stuðningi til að reisa húsnæði en mun svo sjálf annast rekstur. Nú sækja um 150 börn úr þessum hópi nýjan skóla Íslendinganna.

### Þrælahald í Arpakkam

Nýtt 17.800 dollara verkefni hófst með SAM á þessu ári í Arpakkam, 5.000 manna bæ rétt utan við Kanchipuram, miðstöð héraðsins. Það er til tveggja ára, 2009-2010, kostað af einkaaðilum í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar. Íbúar eru flestir dalítar eða „tribals“ (afkomendur frumbyggja), um 39% eru læsir. Um 300 fjölskyldur sem vinna í 40 steinnámum í nágrenni

bæjarins hafa verið valdar til að njóta góðs af verkefninu. Hver þeirra vinnur sér inn um 200 rúpiur á dag. Eftirlit námueigenda er strangt og fólkið kemst lítið út fyrir svæðið. Markmið verkefnisins eru:

- að leysa verkafólk úr skuldaánaudi og þjálfa til annarra starfa
- að leysa börn úr ánaudi og koma þeim í skóla
- að reka forskóla fyrir yngstu börnin
- að fara í vettvangsferðir og kynna börnum og fullorðnum heiminn fyrir utan námurnar
- að veita ungu fólki hjúskaparráðgjöf og aðstoð við að finna sér önnur störf
- að veita konum hjúskaparráðgjöf og aðstoð við að finna sér önnur störf
- að veita fræðslu um mannréttindi
- að veita heilbrigðisþjónustu
- að opna námu í eigu fólksins í Arpakkam

SAM fékk sjónvarpsstöðina Sun TV Network til þess að fjalla um kjör fólksins og fletta ofan af athæfi námueigenda. Þeir héldu fólki í helsi og höfðu starfað leyfislaust í áraradír. Málefnið fékk góða umfjöllun fjölmiðla sem varð til þess að stjórnvöld létu loka 30 af 40 námum vegna leyfisleysis. Opinberir starfsmenn staðfestu jafnframt að þar væri fólk í skuldaþrælkun. SAM greiddi skuldir 8 karla og 7 kvenna, leysti þau úr ánaudi. SAM fékk þeim jarðnæði þar sem fólkið gæti reist sér kofa og 20.000 rúpiur hverju og einu til endurhæfingar í önnur störf. Þetta var mikill sigur fyrir SAM að svo ómanneskjulegar aðstæður hefðu verið afhjúpaðar og að yfirvöld skyldu grípa til aðgerða. En um leið misstu um 300 fjölskyldur vinnuna og höfðu ekkert í staðinn. Margir voru SAM reiðir. En með ráðgerðum verkefnum vonast forsvarsmenn SAM til þess að fljótlega megi koma fólki í aðra vinnu. Með fræðslu muni það gera sér betri grein fyrir stöðu sinni og réttindum. 5 börnum sem unnu samhliða foreldrum sínum leysti SAM úr ánaudi og kom í almenna skóla. Öll fóru í 1. bekk þótt þau væru á aldrinum 5-10 ára. Opnaður var forskóli fyrir 20 börn á aldrinum 3-5 ára. Ráðinn var kennari og matselja. Börnin fá eina heita máltíð á dag og fót. Foreldrar eru afar ánægðir með að börnin þeirra séu í uppbyggilegu starfi í stað þess að verða að þvælast með þeim í vinnunni við sprengingar, steinryk og egghvasst grjót. Önnur markmið náðust ekki á þessum fyrri hluta ársins en SAM telur að erfiðasti hjallinn sé klifinn.

## Sameinaða indverska kirkjan

### Skólar og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan hefur starfað í 25 ár að því að hjálpa fátæku fólki og börnum þeirra með spítalarekstri, matargjöfum og skólastarfi á nokkrum stöðum. Hjálparstarfið hefur stutt samtökin í nær 20 ár með framlögum til spítalans og kostað börn í skóla og heimavist. Á þessu starfsári styrktu íslenskir stuðningsaðilar alls 431 barn í Emmanúel-skólanum í Kethanakondabæ. 324 börn voru styrkt til náms og dvalar á heimavist. Þar

er dagskrá í föstum skordum með tíma fyrir nám, leik, heimalærdóm, matmál og tíma til þvotta og hvíldar. 50 voru studd til skólagöngu en þjuggu heima og 57 nemendur voru í framhaldsnámi og á heimavist. Skólinn býður upp á tvö fyrstu ár framhaldsnáms á staðnum en eftir það fara ungmennin í skóla í bænum. Hjálparstarfið greiðir hluta launa 8 kennara en mikilvægt er að geta boðið sæmileg kjör til þess að halda í reynda kennara.

Emmanúelskólann sækja alls 700 nemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn er viðurkenndur og fylgir námsskrá fylkisins. 17 kennarar eru við skólann og 8 umsjónarmenn barnanna á heimavistinni. Börnin fá þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar svo börnin fái nauðsynlega næringu. Aðstaða er einföld en góð. Börnin geyma hvert sinn disk og sitja á gólfinu á matartímum. Skólahús eru hreinleg og lóð snyrtileg með nægu rými til leikja. Heimavistir eru snyrtilegar, börnin sofa í kojum og eiga hvert sinn kistil til að geyma eigur sínar. Nokkuð hefur fjölgað í skólanum í vetur og hafa sumir nemendur orðið að sofa á dýnum á gólfinu. Stendur það til bóta á nýju skólaári. Heilsugæsla fer fram í gegnum spítala samtakanna. Börnin fá fatnað og skóladót. Íslenskir fósturforeldrar styðja börnin og eru þeir nú um 350. Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna um framlög. Þannig þurfa börnin ekki að hætta í skóla verði styrktaraðilar hér heima að hætta stuðningi af einhverjum ástæðum. Eins þurfa styrktaraðilar aldrei að velja hvaða barn kemst í skóla og hvert ekki, það barn sem þeir velja sem sitt styrktarbarn er úr hópi þeirra sem þegar eru komin inn í skólann. Styrktaraðilar fá fréttir af barninu tvisvar á ári og nýja mynd árlega. Fósturforeldrar geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örbirgð og mörg þekkja þrælavinnu í grjótnámum, á tehusum, við vefnað, á verkstæðum, í múrsteina-gerð og fleiru við ómannúðlegar aðstæður.

### **Eþíópía**

Verkefni um lífsviðurværi hófst í Eþíópíu í nóvember 2007. Samningur um það gildir fram í desember 2010. Heildarframlag til verkefnisins nemur tæplega 1.220.000 USD og greiðir Hjálparstarfið 40% þess ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir verkefnið um 60%. Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lútherska heimsambandið og Ethiopian Evangelical Church Mekane Yesus. Verkefnið er unnið í Jijiga-héraði í 10 „kebeleum“ en í hverju þeirra eru 2-3 þorp. Þetta er stærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins. Markmið eru fimm og snerta vatn, jarðrækt, réttindi kvenna, heilsufar og samvinnu við stjórnvöld.

#### *1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skipuleggjalds með því að grafa vatnsþrær og safna yfirborðsvatni*

Haldnir voru 72 samráðsfundir með íbúum til að skipuleggja vatnsöflun og virkja þá til verksins. 9 vatnsnefndum var komið á fót í hverju kebele (þorpaklasa) með jafnri kynjaskiptingu. Rannsókn á tæknilegum atriðum varðandi vatnsöflunina var gerð í 9 kebeleum í samvinnu við tvær

opinberar stofnanir. 27 meðlimir vatnsnefnda voru teknir í hópefli og fengu þjálfun í því að vera leiðtogar í samvinnu við héraðsskrifstofu vatnsmála. Hafist var handa við að grafa 9 vatnssöfnunarþrær, lokið var við þrjár og sex voru langt komnar í lok starfsárs.

## 2. *Að styrkja landbúnað með áveitum, betri ræktunaraðferðum og með því að efla búfjárrækt*

81 samráðsfundur var haldinn til þess að virkja íbúana, fræða þá og gera aðgerðaáætlun. Hluti verksins er unninn gegn fæðuaðstoð Lútherska heimssambandsins. Bændum í 10 kebeleum var skipt í hópa til að vinna að ákveðnum málum s.s. heilsufari húsdýra, jarðrækt og uppskeru, ræktun beitarlands, vatnsmálum fyrir búfé osfr. Í samvinnu við héraðsyfirvöld fengu 46 manns (43 karlar og 3 konur) 8 daga þjálfun í að greina og meðhöndla nokkra helstu búfjársjúkdóma og að bólusetja kvikfénað. Konur voru færri því þær eiga síður heimangengt. Fólkið skipti með sér svæðinu og fékk sjúkratösku til vitjana. Búfjáreigendur greiða fyrir lyf. Einnig voru haldnir stórir fræðslufundir fyrir alla íbúa um áhrif sjúkdóma á veikburða dýrin sem eins og mannfólkið hefur liðið fyrir sífella þurrka á svæðinu. 5.000 dýr voru bólusett og fengu lyf við sjúkdómum sem hrjáðu þau. 80 bændur fengu fræðslu um meðferð uppskeru og geymsluaðferðir til að draga úr því að uppskera skemmist. 34 opinberir starfsmenn landbúnaðarskrifstofu fengu þjálfun til að geta betur sinnt starfi sínu og stutt við bændur í verkefninu. 1140 bændur (900 karlar og 240 konur) fengu fræðslu um ástand náttúruauðlinda, áhrif ofnýtingar og vernd þeirra. 40 bændur fengu þriggja daga fræðslu og þjálfun til að geta nýtt náttúruna á sjálfbæran hátt með verndun og annarskonar aðferðum. Í samvinnu við landbúnaðarskrifstofu héraðsins var íbúum í 2 kebeleum kennt að hlaða stalla undir ræktarreiti og auka þannig landgæði. 211 íbúar af öllu svæðinu fengu svo sýnikennslu til að geta gert það sama heima hjá sér.

## 3. *Að efla efnahag og réttindi kvenna*

Þrátt fyrir gríðarlegt vinnuframlag kvenna á heimili, við vatns- og eldi-viðaröflun og í jarðrækt ráða þær ekki yfir uppskerunni eða öðrum tekjum heimilisins. Þær hafa lítið sem ekkert að segja um ákvarðanir er varða afkomu þeirra. Til að efla konur voru haldnir 80 fundir um kynjamál sem mikill fjöldi íbúa sótti. Þar tókst að skapa opið andrúmsloft til að ræða mál sem áður hafði ekki verið vettvangur fyrir. Þær taka fullan þátt í þróunarverkefnum og markmiðið er að styrkja samfélagsstöðu þeirra með því að hjálpa þeim að afla sér tekna. 97 konur fengu fjögurra daga þjálfun í einhverju sem þær gætu aflað tekna með. Þ. á m. er að fá geit eða kú til að fita og endurselja. Búfjáreign eykur líka mannvirðingu. Annað var verslun með nauðsynjar frá kaupstað. 100 konur frá 5 kebeleum fengu þjálfun í heimilisrekstri, meðhöndlun matvæla, eldamennsku, hreinlæti og skipulagi innan heimilisins ofl. Sérstakur sjóður var ætlaður fimm 20 kvenna hópum sem hafa verið stofnaðir um tekjuöflun. Ný mót fyrir sparhlóðir voru hönnuð og gefin í hvert kebele. 30

konur lærðu að gera hlóðir og var öllum gerðum hlóðum úthlutað. Héraðsskrifstofa kvennamála fékk stuðning verkefnisins við að útskrifa konur af handavinnunámskeiði.

*4. Að bæta heilsu íbúa með heilsugæslustöðvum og fræðslu um HIV/alnæmi*

40 opinberir starfsmenn héraðsskrifstofunnar (17 konur og 23 karlar) fengu fjögurra daga þjálfun varðandi HIV/alnæmi. Fagfólk frá HIV/alnæmisskrifstofu sýslunnar stýrði námskeiðinu. Tilgangurinn var að gera starfsmenn hæfari til að þekkja félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar HIV/alnæmis og bregðast við þeim. 18 yfirsetukonur fengu 8 daga kennslu um meðgöngu og fæðingar. Hver fékk hjúkrunartólatösku til að nota þegar þær taka á móti börnum.

*5. Að styrkja innviði og stjórnkerfi samfélagsins þannig að fátækir njóti betur. Í því felst mikil samvinna við opinbera starfsmenn og námskeiðahald fyrir þá.*

180 leiðtogar, ættbálkahöfðingjar, öldungar, konur, ungmenni og nýir tengiliðir verkefnisins tóku þátt í námskeiði um fátækt og framþróun. 27 framhaldsfundir með umræðum voru svo haldnir fyrir íbúa í þátttökuþorpum til að hjálpa fólki til að skilja grunnástæður fátæktar og hjálpa því að sjá leiðir út úr henni. Mjög góð þátttaka var. Verkefnið stóð fyrir fjögurra daga námskeiði fyrir 40 opinbera starfsmenn um Þúsaldarmarkmiðin á alþjóðlegu- og héraðsplani. Stofnaðir voru 45 hópar íbúa á öllu verkefnasvæðinu til þess að vinna að menntunarmálum, jarðrækt, landvernd ofl. Aðeins átti að hafa 15 hópa en áhugi var meiri en svo. 68 konur og karlar frá öllum kebeleum og af héraðsskrifstofum tóku þátt í fundi um orsakir fátæktar á þessu svæði, um stöðu kvenna og skaðlegar venjur sem drógu úr framlagi þeirra til þróunar. 30 opinberir starfsmenn sem starfa úti í héruðum, næst fólkinu, fengu þjálfun og fræðslu um vinnuáætlun þar sem þátttaka og efling fólksins sjálfs er forsenda árangurs.

Sífelldur þurrkur jók á vanda starfsfólks og íbúa við framkvæmd verkefnisins og eldsneytisverð hækkaði mikið á tímabilinu. Það jók kostnað við verkefnið enda strjálbýlt. Þótt starfið, eftir að undirbúningi lauk, hafi aðeins staðið í þrjá ársfjórðunga var árangur augljós. Mátti merkja að fólk fór að nýta nýja þekkingu í ýmsu sem ekki sneri beint að verkefninu. Fólk er farið að safna saman dauðum dýrum og brenna, fólkið lagaði 16 illa farin vatnsból fyrir dýr og gerði við 13 km vegarkafla sem tengdi það við vegakerfi héraðsins. Í heild gekk verkefnið vel miðað við mjög erfiðar aðstæður.

Hjálparstarfið miðlaði einnig fjármunum frá Neskirkju til Waddera í Eþíópíu. Neskirkja hefur áður styrkt kirkjustarf þar og nam fjárhæðin nú 930.000 kr.

## Malaví

Verkefni um lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda í Malaví hófst 2007 og samn-

ingur gildir um það til 2010. Það er undir stjórn þróunararms Lúthersku kirkjunnar í Malaví; Evangelical Lutheran Development Service. Heildarframlag til verkefnisins nemur tæplega 480.000 USD og greiðir Hjálparstarfið 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir verkefnið um 60%. Verkefnið er unnið í Chikwawa-héraði í 35 þorpum (899 heimili þ.a. 45% undir stjórn kvenna, 35% undir stjórn karla og 22% eru heimili munaðarlausra barna). Markmið eru fimm á sviði samstarfs við opinbera aðila, vatnsöflunar, meðferð auðlinda, næringar, fæðuöryggis og skepnuhalds, HIV /alnémis og kynbundins ofbeldis.

*1. Að auka getu ólíkra opinberra aðila til að vinna að vatnsmálum – eftir leiðum sem virkja íbúa, greina vatnstengd vandamál og finna sjálfbærar lausnir.*

Tveir fundir voru haldnir með opinberum starfsmönnum í vatnsgeiranum og þorpsleiðtogum, með þátttöku 36 manns. Tilgangurinn var að kynna þá sem starfa að vatnsmálum og opna samskipti þeirra á milli. Eitt þjálfunarnámskeið var haldið fyrir 32 í þróunarnefndum í 5 þorpum (17 karla og 15 konu). Fólkið lærði um lög og reglur um vatn og verndun þess. Einnig hvernig eigi að mynda nefndir til að taka markvisst á málum og hvernig eigi að fá fólk til þátttöku og ábyrgðar á því að nægilegt hreint vatn sé til í þorpunum. Hver og einn fékk betri skilning á sínu hlutverki. Tveir fundir voru haldnir fyrir 45 þátttakendur (22 karla og 23 konu), í opinberum störfum og þorpsleiðtoga. Farið var enn frekar í rétt og skyldu hvers og eins, vatnsnotenda og þeirra sem eiga að veita þjónustuna. 20 fulltrúar 5 þorpa sem þessi verkefnisþáttur miðaðist við, fóru í þriggja daga vettvangsferð til að kynna vatnssöfnunaraðferðum; af yfirborði, af þökum, neðanjarðar ofl. ásamt áveitutækni ýmiskonar. Árangur af þessu varð sá að fólkið og opinberir aðilar skyldu eðli þeirra verkefna sem ætlunin var að vinna og voru móttækilegri fyrir samstarfi.

*2. Bæta næringu fólks með því að útvega vatn fyrir skepnubald og nota pumpur til áveitu fyrir allt að þrjár uppskerur í stað einnar.*

Einni mótóraveitu var komið á fót fyrir 20 heimili (5 heimili munaðarlausra barna, 9 heimili einstæðra kvenna og 6 heimili veikra karla). Með því var hægt að veita vatni á 3 hektara lands. Auk þess var 20 fótstignum pumpum komið upp sem 60 bændur deildu með sér fyrir 48 hektara lands. Fræi fyrir maís og annað grænmeti var dreift til bændanna sem fengu af því þrjár uppskerur 2008. Áburður var tað úr 80 geitum sem bændur fengu og voru liður í verkefninu. 150 kiðlingum undan þessum geitum var dreift til annarra bænda sem margfaldar árangur. 50.000 trjám var plantað meðfram ám til að vernda akra fyrir flóðum. 20 konur í einu þorpi fengu kennslu í meðferð og geymslu matvæla. Þær hafa svo þjálfað aðrar 200 samtals. Árangur af þessu er sá að fólk hefur fundið hjá sér frumkvæði, hefur getað orðið virkt og færara um að greina vanda og finna lausnir. Veikir, einstæðir og munaðarlausir hafa komist

að í ákvörðunum er snerta þorpið og hafa vaxið í álitum með stuðningi verkefnisins. Uppskeran og skepnuhald sem varð mögulegt með nægu vatni hefur skilað sér í betri heilsu ekki síst HIV/alnæmissmitaðra. Tekjur heimilanna hafa aukist og mörg þeirra geta nú keypt skólabúninga og bækur fyrir börn sín, sem hafa snúið aftur í skólann.

*3. Afla vatns til að auka hreinlæti og bæta heilsu einkum HIV/alnæmissjúkra.*

Miklar tafir urðu á því að endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 2007 bærust Hjálparstarfinu. Af þeim sökum töfðust greiðslur til verkefnisins og ekki varð af verkefnum tengdum vatni og hreinlæti s.s. að bora brunna, reisa kamra, steypa plötur ofan á gatklósett, fræða vatnsnefndir ofl. Ráðið hefur verið úr orsökum þessa og til stendur að ná verkþættinum upp haustið 2009.

*4. Hjálpa fólki að safna vatni og hlúa að auðlindinni.*

210 lítill vatnslón eða dammar voru gerð við öll 35 þorpin í verkefninu og 800.000 græðlingar voru ræktaðir í 84 litlum gróðrarstöðvum sem dreifðust á þorpin. Græðlingarnir voru notaðir til að styðja við vatnsvernd, hefta uppgufun og flóð, veita skugga fyrir aðra ræktun og bæta gæði moldar. Þar sem gróðurvernd og trjárækt hefur verið verkefni samstarfsaðila okkar síðan 1989 er til góður fræbanki til að nýta nú. 24 vatnstönkum sem taka 5.000 lítra hver, var dreift til þátttakenda í verkefninu.

*5. Draga úr kynbundnu ofbeldi.*

Til að draga úr kynbundnu ofbeldi voru þjálfaðir leiðtogar í málaflokknum í hverju þorpi. Þorpsleiðtogar voru einnig fræddir og þjálfaðir til að taka á málum og veita þolendum stuðning. Fjórðungslegir fundir voru haldnir með þessu fólki en einnig voru almennir fræðslu- og umræðufundir um kynbundið ofbeldi. Nálgunin var að fá fólk til að greina og nefna venjur og siði í samfélaginu sem ýttu undir ofbeldi gegn konum. Síðan var farið í uppruna þessara venja, hvort tilgangur væri með þeim og hvernig mætti breyta. Eitt dæmi um ofbeldi gegn konum er að fjölskylda eiginmannsins tekur af henni allar eignir við lát eiginmannsins. Nú geta þessar konur fengið stuðning með það nauðsynlegasta, verði þær fyrir þessu. Mikilvægast er þó að gera fólki grein fyrir afleiðingum þessarar venju á líf konunnar og barna hennar og rétt hennar til að halda eignum sem hún hefur lagt vinnu í að skapa.

Vegna þurrka undanfarin 5 ár er áhugi fólksins mjög mikill á því að gera allt sem í valdi þess stendur til þess að vernda vatnsauðlindina. Áhuginn á því er árangur af fræðslustarfi í gegnum verkefnið sem einnig hefur tengst forvörnum gegn flóðum og þurrkum. Meiri skilningur er meðal bænda á kostum þess að blanda saman trjárækt, jarðrækt og búfjárhaldi til að ná fram samlegðaráhrifum. Nú er kunnátta til staðar til að búa til áburð úr taðinu, viðhalda næringu í jarðveginum og auka uppskeru. Aðferðin hentar sjálfsþurftarbændum einkar vel þar sem þeir hafa sjaldan efni á áburði

og skordýraeitri. Þessi nýja þekking hefur einnig orðið til þess að starfskraftar bænda nýtast betur. Í stað þess að vera aðgerðalausir milli uppskeru og næstu sáningar er heimilisfólk nú upptekið við að rækta græðlinga, búa til áburð og undirbúa jarðveginn fyrir fleiri uppskerur. Ný tré auka raka í jarðvegi, hefta jarðvegseyðingu og auka frjósemi jarðvegs. Sumar tegundir ræktunartegunda verða að fódri fyrir hænur, geitur og svín. Nokkrar tegundir sem verkefnið hefur kynnt bændum vaxa hratt og gefa eldivið auk þess að auka fjölbreytileika lífríkisins.

Jafnrétti kynjanna er rauður þráður í öllu verkefninu enda talið líklegast að þannig verði verkefnið sjálfbært og skili öllum árangri. Jöfn þátttaka kvenna og karla hefur skilað sér í því að vinnuframlag hvors um sig er auðséð. Með þessari stefnu er verið að draga fram gildi vinnuframlags kvenna. Það hefur ekki verið metið af því það skilar ekki peningum eins og uppskera eða kvikfjársala karlanna gerir. Jafnvel þótt konurnar hafi unnið alla jarðræktarvinnuna hafa þær ekki haft neitt um söluandvirði uppskerunnar að segja. Í þessu þróunarverkefni er þessu öðruvísi varið. Frá upphafi til enda eru sjónarmið beggja kynja tekin með og sameiginlega leitað lausna. Þetta hefur leitt til þess að konur taka æ oftar ákvarðanir með körlunum og sjónarmið þeirra og þarfir í daglegum verkum fá jafnara vægi á við karlanna. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli þar sem rannsóknir sýna að í öllum heimsálfum vinna konur meira en karlar og því stærri hluta tekna sem konur ráða yfir því meira fer í að bæta hag fjölskyldunnar. Bæði kynin finna til eignarhalds á verkefninu og ætla sér hlutdeild í árangrinum.

Framkvæmdaraðilar verkefnisins meta það svo að fólkið, sé duglegt við að bjarga sér fái það tækifæri. Fólkið hefur getað byggt sér hús, framleitt fjölbreyttan mat ofan í sig og sína og keypt nauðsynjar fyrir söluhagnað af afurðum. Framkvæmdaraðilar telja árangurinn gríðarlegan og hvetjandi til áframhaldandi vinnu.

## Mósambík

Árið 2008 rann út samningur Hjálparstarfs kirkjunnar og Þróunarsamvinnustofnunar sem gilt hafði frá 2006. Samkvæmt honum var framlag til verkefnisins 100.000 USD á ári. Greiddi Hjálparstarfið 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkti verkefnið um 60%. Framkvæmdaraðili var Lútherska heimssambandið. Fyrir árið 2009 gerði Hjálparstarfið eins árs samning um að fjármagna þann þátt í verkefninu sem snýr að HIV/alnæmi og afleiðingum þess. Upphæð nam 60.000 USD. Markmið verkefnisins var og er:

1. að gera heimili sjálfbær með því að auka fæðuöryggi með tilliti til aðstæðna HIV-smitaðra, farandverkafólks og einstæðra mæðra.
2. að efla fólk og samfélag með betri jarðræktar aðferðum og tekjuskapandi verkefnum, tryggja vatn, vinna að betri heilsu og bæta menntun

Árið 2008 var samstarfsaðilum í Mósamík þungt í skauti. Voru miklar rigningar og flóð í Sambezi-ánni sem olli því að hús, uppskera og jarðveg-



ur sópaðist burt á stórum svæðum í verkefnahéraðinu Tete. Brýr eyðilögðust, ástand vega varð enn verra en vanalega en vegalengdir eru miklar á verkefnasvæðinu. Gerði það öllum erfiðara fyrir. Skólar hrundu í flóðum, samkomustaðir ýmissa hópa sem unnu sjálfbodastarf í kringum verkefnið einnig. Á móti kom að stjórnvöld veittu fólki margskonar hjálp sem dró úr skaðanum. Þ. á m. var bólusetning gegn mislingum og vítamínsprautur og 9 sjúkrareiðhjólum var deilt út í verkefnahéraðinu. Fræjum nýrra þurrkaþolnari tegunda var dreift, dýr voru bólusett og þar sem eldar höfðu geisað víða gengust stjórnvöld fyrir námskeiðum um hvernig megi halda eldi í skefjum. Árið 2008 var 30. afmælisár Lútherska heimssambandsins í Mósambík. Fulltrúum stjórnvalda og þekktum einstaklingum var boðið að taka þátt í hátíðahöldum sem fóru fram bæði fyrir landsverkefnið og eins úti í verkefnahéruðum. Stjórnvöld mátu og þökkudu mikið og traust starf Lútherska heimssambandsins. Þrátt fyrir umstang starfsmanna við hátíðahöldin juku þau sýnileika samtakanna og samstarf við aðra jókst. Því þrátt fyrir allt tókst starfsfólki Lútherska heimssambandsins með samvinnu allra aðila, opinberra starfsmanna, þorpsleiðtoga og verkefnaneftnda í þorpum að hrinda í framkvæmd stærstum hluta verkefnisins þetta starfsár.

Til að ná markmiðum verkefnisins voru m.a. haldnir 64 fræðslufundir með spurningum og umræðum. Unnið var með leiðtogum sem eru í lykil- aðstöðu til að hafa áhrif á áhættuhegðun fólks varðandi HIV í þá veru að fólk dragi úr eða hætti iðkun hefða sem auka lýkur á smiti. Þ. á m. er „hreinsun ekkna“, umskurður og vafasamar lækniáðgerðir. Fræðsla til unglinga og foreldra um HIV/alnæmi og hvernig megi ræða öruggt kynlíf var mikil. Hvatningarherferð var farin til að fá fólk til að fara í alnæmispróf enda fást ekki rétt lyf öðruvísi. Mikilvægur liður í fræðslunni var að veita fólki stuðning til að segja frá því að það væri smitað og draga þannig úr fordómum. Einnig stóð verkefnið fyrir kennslu í því hvernig ætti að annast alnæmissjúka. 6 námskeið voru haldin gegn fordómum og 10 fundir um réttindi barna, rétt þeirra til umönnunar og stuðnings frá velferðarkerfi. Börn og fullorðnir fengu kynfræðslu og jók það almenna umræðu þeirra á milli og í skólum. Þessi þáttur tengdist kynferðisofbeldi og þess varð vart að í kjölfarið fjölgaði tilkynningum um það. 6 opnir fundir voru haldnir um mannréttindi fólks með HIV/alnæmi og að ástæðulaust væri að útskúfa þeim úr samfélaginu. 5 fundir voru haldnir til að kynna heilsugæsluþjónustu sem í boði er í sveitinni, m.a. að alnæmislyf séu ókeypis. 6 fundir voru haldnir til að fræða barnshafandi konur um smithættu milli þeirra og ófæddra barna þeirra. Þær voru hvattar til að fara í próf og farið var í aðrar leiðir til að næra börnin en með brjóstamjólk. Mæðra- og ungbarnavernd var komið upp í einu þorpanna. Allt þetta hefur skilað sér vel til fólksins. Staðan var sú, áður en verkefnið hófst, að fólk vissi mjög lítið um HIV og kynsjúkdóma og leitaði sér ekki lækninga á fjarlægjar heilsugæslustöðvar. Fólk ræddi ekki um kynlíf né neitt því tengt. Smám saman hefur tekist að opna umræður á þessu sviði, fólk vill núna fá úr því skorið hvort það sé smitað, áttar sig á skaðsemi þess að þegja vandamálið í hel. 590 munaðarlaus börn og önnur mjög illa stödd börn fengu aðstoð með föt, mosk-

ítónet, lyf, skóladót og fleira í gegnum litlar samfélagsnefndir á vegum verkefnisins.

Til að auka fæðuöryggi með betri jarðræktaraðferðum og smárekstri, tryggja vatn og þar með betri heilsu og bæta menntun – var m.a. farið með fólk í 4 vettvangsferðir. Þar var kynnt sú leið að skipta á ræktunartegundum til að nýta akurinn betur, rækta fisk í tjörnum til að fá meira prótín í fæðuna og hafa uppbót þegar uppskera er rýr. Kennt var að nota hlóðir sem þurfa minna eldsneyti. Þátttakendur voru mjög áhugasamir og fannst allt annað að sjá hlutina í raun frekar en að vera bara sagt frá. Hvatinn til framkvæmda varð miklu meiri. Í þessum hluta verkefnisins var farið inn á nánast alla þætti sem tengjast daglegu heimilishaldi og skilaði miklum árangri.

## Úganda

Próunarverkefnið í Úganda spannar árin 2007 til 2009. Heildarframlag til þess nemur 426.426 USD og greiðir Hjálparstarfið 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Próunarsamvinnustofnun Íslands styrkir verkefnið um 60%. Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lútherska heimssambandið og sjálfstæð innlend samtök stofnuð upp úr starfi LHS, Rakai Community Based Aids Organisation eða RACOBABO. Verkefnið er unnið í Rakai- og Sembabule-sveit og bænum Lyantonde. Markmið er að bæta lífsskjör HIV/alnæmissmitaðra, aðstandenda og eftirlifenda sem líða fyrir sjúkdóminn. Leiðir að þessu eru:

1. að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvotta-aðstöðu við hvert hús og deila út helsta heimilisbúnaði.
2. að bæta hreinlæti með því að reisa góða kamra.
3. að auka aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningarvatn.
4. að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu.

Á verkefnasvæðinu leggst vatnsskortur og mikil útbreiðsla alnæmis á eitt um að gera fólki lífið afar erfitt. Margir eru fallnir frá og eftir standa munaðarlaus börn og aldnar ekkjur með barnabörn á framfæri sínu. Stuðningsnet samfélagsins er lítið þar sem svo margir eru fallnir frá og hver hefur nóg með sig. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og tími til tekjuöflunar með ræktun eða öðrum leiðum er lítill. Mikill tími fer í að hugsa um þá veiku og langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarks daglegrar neyslu. Vatnsskorturinn kemur svo í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og hífylí séu þrífín. Óhreinlætið yfir svo undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar fá allar umgangspæstir og sýkjast auðveldlega af sjúkdómum sem berast með vatninu. Sjálfbodaliðar og alnæmisráðgjafar tóku þátt í að velja fjölskyldur sem nutu góðs af verkefninu. Fyrir munaðarlaus börn og einstæðar mæður voru reist 16 íbúðarhús. Í múruðu húsi sem lokað er fyrir vatni og vindum er auðveldara að halda hreinu og því er hægt að læsa fyrir ókunnugum. 45 kamrar voru gerðir með steypu gólfi og af þeirri gerð sem loftar vel um til þess að

skordýr verði ekki innlyksa í þeim og beri smit á milli manna. Kamrar eru gríðarlega mikilvægir fyrir allt hreinlæti. 39 vatnstönkum til að safna rigningarrvatni var komið upp sem eykur möguleika á að þvo sér. 45 eldhús voru reist, hvert með sínum sparhlóðunum. Til þess að þessar framkvæmdir skili fullum árangri þarf að fræða fólk um nauðsyn persónulegs hreinlætis, nauðsyn þess að ganga rétt frá rusli, þvo áhöld og halda umhverfi hreinu. Eru þeir bæði fræddir sem fá aðstoð verkefnisins og aðrir íbúar þorpanna til þess að þeir breyti venjum sínum líka og auki þannig árangur af verkefninu. 17 fræðslufundir voru haldnir fyrir íbúa, þorpsleiðtoga og skólabörn. 148 manns (þar af 90 konur) fengu fræðslu um persónulegt hreinlæti og hreinlæti við heimilið. Til að styðja þetta var 84 pökkum með eldhúsáhöldum, moskítónetum, hreinlætisvörum, vatnsbrúsum, diskum, bollum ofl. deilt út til þátttakenda í verkefninu.

## **Neyðaraðstoð**

### **ACT**

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT International, Alþjóðaneyðarhjálpar kirkna. ACT samhæfir neyðaraðstoð á vegum Lútherska heimssambandsins og Alkirkjuráðsins, vinnur að því að bjarga lífi og styrkja samfélög í neyð, um allan heim. ACT aðstoðar við að afla nauðsynlegra upplýsinga frá neyðarsvæðum og miðla þeim til ACT-aðila. Þeir bregðast við með framlögum og sérhæfðu starfsfólki sem ACT sér um að samræma. ACT sér til þess að gæðastöðlum sé fylgt og að skýrslugerð, eftirlit og mat sé faglegt. Á árinu var ákveðið að sameina ACT International og ACT Development sem hefur farið með ákveðin sameiginleg mál á sviði þróunaraðstoðar. Nýja heitið er ACT-Alliance og hefst starfsemi þess í janúar 2010. Á árinu veitti ACT International aðstoð í 39 löndum fyrir rúmlega 48 milljónir Bandaríkjadala. Hér má lesa um starfsárið 2007-2008: <http://act-intl.org/media/documents/8003-GlobalActions20072008web.pdf>

Í ár veitti Hjálparstarfið fjármunum til neyðaraðstoðar í Eþíópíu og Súdan í gegnum ACT en beint til samstarfsaðila í Tansaníu og Kenýa.

### **Eþíópía**

Hjálparstarfið brást við neyðarbeiðni ACT, Alþjóðaneyðarhjálpar kirkna, um aðstoð í Eþíópíu vegna gríðarlegra þurrka, uppskerubrests, hungurs og dauða. Aðstoðin fólst í matargjöfum þar sem matur var ekki til sölu og peningum til að kaupa mat þar sem framboð var. Hún fólst einnig í fræum til sáningar og kennslu í að koma af stað ræktun eða annarri tekjuöflun. Mæður með börn á brjósti fengu sérstaka næringaraðstoð í þrjá mánuði. Heildarbeiðni nam 7.262.415 dollurum. Utanríkisráðneytið veitti styrk til þessa og voru sendar héðan 5 milljónir króna.

### **Tansanía**

Gámur fór til Tansaníu á árinu með sjúkrarúmum og öðrum spítalaáhöldum frá sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Var það að frumkvæði spítalans

en Hjálparstarfið greiddi rúmlega eina milljón króna fyrir flutning til Tansaníu. Að ósk móttakenda var falast eftir tannlæknastólum og í gegnum Tannlæknafélag Íslands fengust fimm stólar. Prestur í Evangelísk-Lúthersku kirkjunni í Tansaníu hafði milligöngu um að koma gjöfinni í gagnið en hann hefur áður tekið við sendingum héðan. Hjúkrunargögnin fara á sjúkrahús á vegum kirkjunnar í Iringa-biskupsdæmi.

## **Kenýa**

Í Kenýa var aftur veitt aðstoð á Mt Elgon-svæðinu en þar geisuðu átök vegna jarðadeilna. Fólk hraktist af heimilum sínum og þótt nú hafi margir snúið aftur eru aðrir enn í flóttamannabúðum. Mikið skorti á að fólk fengi nægan mat, hefði fræ og jarðræktaráhöld til að sá fyrir næstu uppskeru, gæti endurnýjað hús sín sem höfðu verið eyðilögð eða ætti fyrir skólagjöldum barna. Sr. Jakob Hjálmarsson fyrrum dómkirkjuprestur sem dvalið hefur á svæðinu, hafði milligöngu um aðstoðina en Evangelísk-Lútherska kirkjan í Kenýa var framkvæmdaraðili. Aðstoðin í ár nam 250.000 kr. og var varið í matvæli, teppi, fólksflutninga og skólaútgjöld vegna barna.

## **Súdan**

Hjálparstarf kirkjunnar sendi 5 milljónir króna til neyðaraðstoðar í Darfúr í Súdan. Hjálparstarf norsku kirkjunnar, (Norwegian Church Aid / Kirkens Nødhjelp) ásamt Caritas Internationalis, hjálparstarfi kaþólsku kirkjunnar, er framkvæmdar- og ábyrgðaraðili í aðstoð við 500.000 manns eða 1/5 flóttamanna á svæðinu. Starfið er unnið í samvinnu við ríkisstjórn, hin ýmsu ráðuneyti og stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Hlutur kirknanna er fjármagnaður í gegnum ACT. Hann felst í skipulagningu og framkvæmd, og í efnislegri aðstoð eins og að útvega vatn, mat og neyðarvistir aðrar, vernd, kennslu fyrir börn og sál- og félagslegri aðstoð. Er þetta eitt umfangsmesta neyðarstarfið á svæðinu. Rann framlag Hjálparstarfsins til þessa. Á árinu ráku súdönsk stjórnvöld 13 alþjóðlegar hjálparstofnanir úr landi og stöðvudu starfsemi þriggja. Það skar umfang hjálparstarfs í landinu niður um 40%. Mikil vinna og útsjónarsemi hefur farið í að reyna að fylla í eyður sem óhjákvæmilega komu í neyðarstarf í landinu. Erlent starfsfólk hefur síðan átt í erfiðleikum með að fá vegabréfsáritun til landsins eða ferðaleyfi til starfssvæða innanlands. Mikið hefur verið um árásir á hjálparstarfsmenn, mannrán og bílum og búnaði rænt. Þetta hefur allt haft mikil áhrif á hjálparstarf kirkna í landinu en þakka má fyrir að hafa notið þess trausts að fá að halda áfram að starfa í landinu.

## **Fræðslu- og kynningarmál**

### **Fréttablaðið Margt smátt**

Fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt, sem kom út í október og júní var sent á um 6.000 áskrifendur og styrktaraðila, á bókasöfn og víðar. Í tengslum við jólasöfnunina 2008 kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu og fór þannig á heimili landsmanna. Páskablaði 2009 var

dreift með sama hætti. Í blaðinu er fjallað um þau verkefni sem Hjálparstarfið styrkir, imprað á ýmsu sem er á döfinni og fjallað um ýmsan vanda þróunarlanda.

### **Heimsóknir til hópa**

Farið hefur verið í heimsóknir í háskóla, framhaldsskóla, grunnskóla, á samverur í kirkjum landsins og til félagsamtaka þar sem starfið hefur verið kynnt í máli og myndum.

### **Ljósmyndasýningar**

Á aðventu var sett upp ljósmyndasýning í Grensáskirkju með myndum frá Súdan og Indlandi. Myndirnar frá Súdan tók Paul Jeffrey ljósmyndari ACT í flóttamannabúðum í Darfúr en ljósmyndarinn Kristján Ingi Einarsson tók myndirnar frá starfssvæði Hjálparstarfsins á Suður-Indlandi. Héraðsprestur á Akureyri fékk einnig myndir til að setja upp í kirkjumíðstöðinni á Akureyri, á Glerártorgi, í Ljósavatnskirkju og á Dalvík. Myndir og skýringar með þeim eru hluti fræðslustarfsins.

### **Leikverk á Listahátíð**

Leikverkið Orbis Terrae var sett upp í Þjóðmenningarhúsinu í maí í samvinnu við ýmis hjálpar- og almannaheillasamtök. Leikverkið sem fjallaði um stríð var samsett úr leiksýningu, hljóðfæraleik, gjörningum og munasýningu. Hjálparstarfið var með kynningarbás fyrir utan, fyrir hverja sýningu, en básar hjálparsamtaka voru hugsaðir sem fyrsti liður í sýningunni. Starfsmenn og Breytendur stóðu vaktina.

### **Hópfærð til Úganda**

Í ágústmánuði 2008 stóð Hjálparstarfið fyrir 15 manna hópfærð á verkefnastað í Úganda. Unnið er í Sembabule- og Rakaísveit og í bænum Lyantonde. Verkefnið snýst um að draga úr tíðni HIV-smits og áhrifum alnæmis á samfélagið. Farið var í heimsókn til fjölskyldna sem höfðu fengið stuðning eða til stóð að styðja, oft munaðarlausra systkina. Gestir kynntust samtökum sem vinna að forvörnum og hittu þeir ungmenni sem höfðu lokið verknámi á vegum verkefnisins og þannig getað séð fyrir sér og sínum. Einnig var farið í þjóðgarð og til eyjarinnar Kalangala í Viktoríuvatni til að skoða fullorðinsfræðslu sem Þróunarsamvinnustofnun styrkir þar.

### **Fræðsla meðal fermingarbarna – heimsókn frá Úganda**

Í tengslum við fermingarbarnasöfnun voru um 3.000 fermingarborn frædd um aðstæður í fátækum löndum Afríku og um verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. Tveir góðir gestir frá Úganda komu til landsins í októbermánuði 2008. Þau heimsóttu fermingarborn um allt land og sögðu uppvaxtarsögu sína og frá hlutskipti barna og unglunga í Úganda. Markmið með fræðslunni er að fermingarborn kynnist helstu vandamálum sem við er að etja í fátækum löndum frá fyrstu hendi. Einnig að þau kynnist leiðum Hjálparstarfsins til að létta undir með fólki þar og leita lausna með því.

## Safnanir og fjáröflun

### Fermingarbarnasöfnun 2008

Fermingarbörn úr 64 prestaköllum um allt land gengu í hús 3. og 4. nóvember með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Söfnuðust 7,7 milljónir króna sem fór fram úr björtustu vonum með tilliti til kreppunnar sem þá var nýttilkomin.

### Jólasöfnun 2008

Vegna erfiðs efnahagsástands á Íslandi var ákveðið að gíróseðlar fyrir jólasöfnun sem sendir voru á öll heimili rynnu að jöfnu til innanlandsaðstoðar og verkefna erlendis. Er það í fyrsta sinn sem söfnun Hjálparstarfsins er ætluð innanlandsstarfi að öllu eða einhverju leyti. Jafnframt gátu þeir sem vildu ákveðið styrkja annað hvort málefnið, hringt í eyrnamerkta söfnunarsíma eða lagt inn á merkta reikninga. Einnig var hægt að gefa í gegnum framlag.is. Mörg fyrirtæki og samtök gáfu gjafir sérstaklega til að mæta ástandinu innanlands. Samtals söfnuðust 58 milljónir króna sem er metárangur í jólasöfnun.

### Hundrað kall á haus – söfnun með Rauða krossi Íslands

Að frumkvæði Rauða krossins var ákveðið að samtökin skyldu hafa sameiginlega söfnun um páskana vegna aðstæðna innanlands. Rauði krossinn hugðist nota sinn helming til þess að opna Rauðakrosshúsið og Hjálparstarfið til að auka við sína hefðbundnu aðstoð. Þetta var símasöfnun undir yfirskriftinni „Stöndum saman og gefum 100 kall á haus“. Hver hringing í söfnunarsímann gaf hundrað krónur. Upphæðin var lág til þess að allir gætu verið með. Var hugmyndin að greitt yrði fyrir hvern mann í fjölskyldunni. Söfnunin stóð vikuna 16.-21. mars 2009. Um 15 milljónir króna söfnuðust sem skiptust til helminga.

### Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Gjafabréfasíðan [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) sem hleypt var af stokkunum í nóvember 2007 hefur gengið vel. Á starfsárinu hafa selst gjafabréf að andvirði um 8 milljóna króna. Hefur gjafategundum fjölgað í 33. Ný vefsíða til að gefa framlög, [www.framlag.is](http://www.framlag.is), var opnuð í nóvember 2008. Þar getur fólk gefið stök framlög til málefna að eigin vali. Úrval er að mestu það sama og á gjofsemgefur. Síðan hefur skilað um 1,3 milljónum króna til starfsins.

### Minningarkort

Minningarkort má kaupa á [www.help.is](http://www.help.is) og á skrifstofunni. Lágmarksupphæð á kort var 1.000 kr. Salan hefur skilað einni milljón króna til starfsins.

### Friðarljós

Friðarljós Hjálparstarfsins hafa verið til sölu í meira en 20 ár. Þau eru nú eingöngu framleidd í kertaverksmiðjunni Heimaey sem er verndaður vinnustaður. Sala á Friðarljósum í verslunum og sem fjáröflun fyrir félagsamtök, hefur gengið vel, heildarsalan var 10,6 milljónir.

### Sóknir

Í tilefni afmælis kirkjuþings á árinu ákvað þingið að miðla til hjálparstarfa því sem verja átti til hátíðahalda. Kirkjuþing gaf 1,5 milljónir króna sem varð hvati að því að sótt var til sókna um aukaframlag vegna ástandsins. Um 60 sóknir svöruðu kalli um að styrkja innanlandsstarfið á erfiðum tímum. Námu þau framlög 5,8 milljónum króna. Auk þess námu hefðbundin framlög sókna 6,4 milljónum.

### Safnað á kaffihúsum

Söfnunarbaukar standa á um 60 stöðum víða um land aðallega á kaffihúsum en einnig í verslunum og fyrirtækjum. Á landsbyggðinni leggja aðilar sjálfir inn en skrifstofan og nokkrir fulltrúar sjá um að skipta á fullum baukum og nýjum. Þessi kostnaðarlausu söfnunaraðferð skilaði 300.000 krónum. Hefur það heldur lækkað.

### Bókin Velgengni og vellíðan

Bókin Velgengni og vellíðan – um geðorðin 10, kom út á vegum Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð gaf Hjálparstarfinu, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Rauða krossinum 5.000 eintök til þess að selja til fjáröflunar. Fyrir jól var salan sameiginleg og rann til jólaaðstoðar. Eftir áramót skipulögðu hver samtök sína sölu. Tvö fyrirtæki keyptu bókina fyrir starfsfólk, Sorpa og Melabúðin, fulltrúar og sjálfboðaliðar seldu en mesta salan fór fram í gegnum verslanir og þjónustuaðila sem enn hafa bókina í sölu. Fór allt andvirði bókanna, 492.000 kr. eða 1.000 kr. á bók, til innanlandsaðstoðar.

### Söfnunarsímar

Tvö söfnunarsímanúmer voru opin yfir árið: 907 2002 og 907 2003. Þau nýttust í jólasöfnuninni fyrir þá sem vildu ákveða hvort þeir gæfu til innanlandsmála eða verkefna erlendis.

### Fé úr ýmsum áttum

Í mars fékk Hjálparstarfið styrk til innanlandsaðstoðar úr Samfélagssjóði ALCOA í Bandaríkjunum að upphæð 5,8 milljónir króna.

Í maí gaf Styrktar- og líknarsjóður Oddfellow-reglunnar 15 milljónir til innanlandsaðstoðar og stúkur gáfu einnig gjafir.

Vorútskriftarnemar úr Fjölbraut í Garðabæ gáfu 100.000 kr. til þess að reisa hús fyrir munaðarlausan systkinahóp í Úganda.

Velferðarsjóður íslenskra barna gaf 4,6 milljónir krónar til notkunar í þágu barna.

Hluti búslóðar sem Hjálparstarfið fékk að gjöf í fyrra seldist á þessu starfsári. Sala á árinu hefur skilað 2,7 milljónum króna.

## **Erlent samstarf**

### **Framkvæmdastjórafundur og árlegur fundur LHS**

Framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi fóru á norræna framkvæmdastjórafundinn svokallaða, árlegan samráðsfund framkvæmdastjóra og mismunandi deildarstjóra. Verkefnastjóri sótti árlegan fund Lútherska heimssambandsins í Montreux. Var það mjög gagnlegt þar sem nýr verkefnastjóri er kominn til starfa.



## Fjármál


### Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2009 námu 295 milljónum króna. Safnanir voru þrjár; söfnun fermingarbarna í nóvember, jólasöfnun og svo páskaöfnun sem að þessu sinni var sameiginleg með Rauða krossinum. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Þróunarsamvinnustofnun styður mörg verkefna í Afríku og utanríkisráðuneytið styður neyðaraðstoð eftir atvikum.


### Framlög til verkefna

104,6 milljónum var varið til þróunarverkefna og 10 milljónum til neyðarhjálp. 61,3 milljónum var varið til verkefna innanlands auk gjafamatvöru að áætluðu verðgildi um 6,5 milljónir króna. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 6,6 milljónir. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 227,9 milljónum króna, hefur stofnunin skuldbundið sig til að greiða um 195,2 milljónir vegna langtímasamninga um erlend verkefni. Þróun spannar tíma og mikilvægt að fólk geti reitt sig á stuðning þótt á móti kunnni að blása heima við fjársöfnun eða aðstæður útheimti meiri framlög til innanlandsverkefna eins og raunin hefur verið í ár.


### Tekjur voru 295 milljónir



### 182,4 milljónum varið til verkefna



### Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 241,5 milljónum



## Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar byggir starfsemi sína á skipulagsskrá fyrir stofnunina. Henni stjórnar ráð 15 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en 6 ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

### Aðalmenn:

Þorsteinn Pálsson formaður

Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Gunnar Sigurðsson tölvunarfræðingur

### Varamenn:

Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. útibússtjóri í Landsbankanum

Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Helga Andrea Margeirsdóttir félagsráðgjafi í 50% starfi, Atli Geir Hafliðason umsjón með matarbúri, sölu Friðarljósa o.fl. Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnisstjóri í 75% starfi. Þorsteinn Valdimarsson er í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk, ungliða- og fræðslustarf.

## Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup  
Bergstaðastræti 75, 101 Reykjavík.  
Sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá  
stofnunarinnar.

### **Skipaðir af kirkjuráði**

Þorsteinn Pálsson, Háteigsvegi 46,  
105 Reykjavík 2006, 568 1808, thp@  
internet.is

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir, Nesbala  
20, 170 Sel, 2005, 561 4641, 820 7691,  
nesbali@internet.is

Ingibjörg Pálmadóttir, Vesturgötu 32,  
300 Akri, 2004, 568 0330, 864 0330,  
velferd@simnet.is

Rannveig Sigurbjörnsdóttir, Blásölum  
22, 201 Kóp 2006, 554 0187, 690 8340,  
rannveigi@simnet.is

Lóa Skarphéðinsdóttir, Sóltúni 13,  
105 Reykjavík 2007, 842 4441,  
loaskarp@simnet.is

### **Varamenn kirkjuráðs**

Kristín Magnúsdóttir, Brúnavegi 6,  
104 Reykjavík 2006, 581 3429, 698 6961,  
krisma@austurbaejarskoli.is

Guðbjörg M. Matthíasdóttir,  
Birkihlíð 17, 900 Vestmannaeyjar, 2007,  
894 2312, gmatt@isfelag.is

### **Fulltrúar prófastslema**

#### *Reykjavíkurprófastslema vestra*

Dúfa Sylvía Einarsdóttir, Beikihlíð 7,  
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408,  
dufase@simnet.is

Jón Trausti Jónsson, Laugarnesvegi 48, 105  
Reykjavík, 2004, 553 1447, rjupa@btnet.is

#### *Reykjavíkurprófastslema eystra*

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,  
112 Reykjavík, 2003, 567 1312, 899 5025,  
ingvarh@syslumenn.is

#### *Kjalarnesprófastslema*

Sr. Þórhallur Heimisson, Lækjargötu 5, 220  
Hafn, 2009, 891 7562,  
thorhallur.heimisson@kirkjan.is  
Arndís Guðmundsdóttir, Viðarási,  
Kjalarnesi, 116 Reykjavík, 2009, 561 5022

#### *Borgarfjarðarprófastslema*

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Ásfelli 2,  
301 Akranes, 2003, 892 1948, 431 2279,  
ragnheih@simnet.is  
Arna Einarsdóttir, Klettavík 5,  
310 Borgarnes, 2004, 437 2155, 893 1597,  
arnakk@simnet.is

#### *Snafellis- og Dalaprófastslema*

Sr. Elínborg Sturludóttir, Helgugötu 13,  
310 Borgarnes, 2005, 847 1475,  
elinborg.sturludottir@kirkjan.is  
Sigrún J. Baldursdóttir, Hraunási 7,  
360 Hellissandi, 2005, 436 6671

#### *Vestfjarðarprófastslema*

Hulda Karlsdóttir, Miðstræti 17,  
415 Bolungarvík, 2005, 456 7414, 863  
3811, hulliman@live.com  
Helga Friðriksdóttir, Miðtúni 33,  
400 Ísafjörður, 2007, 456 4017, 894 4017,  
helgaf@snerpa.is

#### *Húnavatnsprófastslema*

Gunnsteinn Gíslason, Birgistaanga,  
524 Norðfjörður, 2005, 451 4000,  
gunnsteinn@simnet.is  
Úrsúla Árnadóttir, Hólabraut 30,  
545 Skagaströnd, 2009, ursula.arnadottir@  
kirkjan.is

#### *Skagafjarðarprófastslema*

Sr. Gunnar Jóhannesson, Kirkjugötu 13,  
565 Hofsó 2005, 5515977, 8929115,  
gunnar.johannesson@kirkjan.is  
Sigríður Garðarsdóttir, Miðhúsum,  
560 Varmahlíð, 2001, 453 8271

#### *Eyjafjarðarprófastslema*

Stefán Guðlaugsson, Þórustöðum 4,  
601 Akureyri, 2007, 462 7650, fjarkinn@  
simnet.is  
Sr. Guðmundur Guðmundsson,  
Háalundi 11, 600 Akureyri, 2007,  
897 3302,  
gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

#### *Pingeyjarprófastslema*

Sr. Örnólfur J. Ólafsson, Skútustöðum,  
660 Mývatn, 2006, 860 2817,  
fridaddi@est.is  
Finnur Baldursson, Lynghrauni 5,  
660 Mývatn, 2006, 865 9775,  
finnurb@simnet.is

#### *Austfjarðarprófastslema*

Sr. Þórey Guðmundsdóttir, Kolfreyjustað,  
750 Fáskrúðsfjörður, 2005, 457 1373,  
thorey.gudmundsdottir@kirkjan.is  
Sr. Sigurður R. Ragnarsson,  
Blómsturvöllum 35 740 Neskaupaupstað,  
2005, 896 9878,  
sigurdur.runar.ragnarsson@kirkjan.is

#### *Múlaprófastslema*

Gísli Guðmundsson, Kaldá, 701 Egilsstaðir,  
2006, 471 1729, 894 1729,  
solgisl@gmail.com  
Ástríður Kristinsdóttir, Laugavöllum 10,  
700 Egilsstaðir, 2006, 471 1366, 863 6866,  
vii@internet.is

#### *Skaftafellsprófastslema*

Örn Arnarson, Hólabraut 3, 780 Höfn,  
2006, 478 1425, 866 6253, krusa@simnet.is  
Guðmundur Óli Sigurgeirsson,  
Skaftárvöllum 11, 880 Klaustur, 2004,  
487 4664, olisi@ismennt.is

#### *Rangárvallaprófastslema*

Haraldur Júlíusson, Gilsbakka 35,  
860 Hvolsvöllur, 2005, 487 8546,  
862 1267, harjul@simnet.is  
Þórdís Ingólfsdóttir, Kambi, 851 Hella,  
2004, 487 6554, 864 6906,  
gorn@mmedia.is

#### *Árnesprófastslema*

Sr. Axel Árnason, Eystra-Geldingaholti,  
801 Selfoss, 2002, 486 6057, 898 2935,  
axel.arnason@kirkjan.is  
Hafsteinn Stefánsson, Túni ll, 801 Selfoss,  
2006, 482 1063, 862 1063, tun2@simnet.is

### **Fulltrúar kosnir af prestaköllum**

#### *Reykjavíkurprófastslema eystra*

##### *Árbejarsókn*

Guðbjörg Helgadóttir, Álakvísl 60,  
110 Reykjavík, 2007, 567-2304,  
gudbjorg@holt.is

##### *Breiðholtssókn*

Anna Matthildur Axelsdóttir, Pangbakka 10,  
109 Reykjavík, 2005, 587 7876,  
amax@simnet.is

##### *Digranessókn*

Halldór Konráðsson, Hlíðarvegi 35,  
200 Kópavogi, 2006, 564 1741, 866 7094,  
hkth@simnet.is

##### *Kársnessókn*

Sigríður Sigfúsdóttir, Helgubraut 15,  
200 Kóp, 2009, 564 1382, 891 8830,  
helgubraut@simnet.is  
Benedikt Vilhjálmsson, Kópavogsbraut 73,  
200 Kóp, 2009, 554 3256, 820 7006,  
bv@falkinn.is

##### *Grafarvogssókn*

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,  
112 Reykjavík, 2004, 567 1312, 8995025,  
ingvar@syslumenn.is

##### *Hjallasókn*

Svala Hafsteinsdóttir, Efstahjalla 1,  
200 Kópavogi, 2006, 554 6998, 696 6998,  
mbm@strik.is

##### *Lindasókn*

Ástríður Jónsdóttir, Núpaland 6,  
201 Kópavogi, 2005, 867 2859, 588 8899,  
asta@kfum.is  
Jóhann Hafsteinsson, Ljósaland 4,  
201 Kópavogi, 2004, 554 4898,  
johanh@hi.is

##### *Hólabrekkusókn*

Jón A. Björnsson, Hamrabergi 7,  
111 Reykjavík, 2004, 557 5215, 692 6518

#### *Fellasókn*

Birna Hjaltadóttir, Vesturbergi 177,  
111 Reykjavík, 2004, 510 1000, 567 3201,  
birna@bigfoot.com

#### *Seljasókn*

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 2,  
109 Reykjavík, 2004, 557 6848, 868 4863,  
lindarsel@simnet.is

#### **Reykjavíkurprófastsdæmi vestra**

##### *Ásókn*

Júliana Tyrfingsdóttir, Austurbrún 2,  
104 Reykjavík, 2005, 553 2292  
Sigríður Sigurborgsdóttir, Sæviðarsundi 19,  
104 Reykjavík, 2005,

##### *Bústaðasókn*

Gunnar Sigurðsson, Kvistalandi 13,  
108 Reykjavík, 2004, 5814827, 6641891,  
gunnarsig13@gmail.com

##### *Dómkirkjusókn*

Sigurður Jónsson, Garðastræti 49,  
101 Reykjavík, 2004, 551 4189, 899 4959,  
sigjons@hi.is  
Marínó Þorsteinsson, Vesturgötu 19,  
101 Reykjavík, 2004, 552 5800,  
marino.thorsteinsson@or.is

##### *Grensásókn*

Halldór Kristinn Pedersen, Fellsmúla 6,  
108 Reykjavík, 2004, 568 7596, 899 8931,  
grensaskirkja@kirkjan.is  
Gunnfríður K. Tómasdóttir,  
Háaleitisbraut 147, 108 Reykjavík, 2005,  
869 1583

##### *Hallgrímssókn*

Guðlaugur Gunnarsson, Þórsgötu 4,  
101 Reykjavík, 2004, 562 1255, 820 6573,  
gudlaugur.gunnarsson@landsbanki.is

##### *Háteigssókn*

Dúfa Sylvía Einarsdóttir, Beikhlíð 7,  
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408,  
dufase@simnet.is  
Helgi E. Helgason, Blönduhlíð 28,  
105 Reykjavík, 2009, 552 3511, 899 9341,  
helgi@ki.is

#### *Nessókn*

Benedikt Sigurðsson, Skildinganesi 21,  
101 Reykjavík, 2004, 552 3242, 892 2168,  
bensis@simnet.is

#### *Langholtssókn*

Heiður Þorsteinsdóttir, Nökkvavogi 39,  
104 Reykjavík, 2004, 553 0661, 895 0661,  
heia@mi.is  
Guðrún Áslaug Einarsdóttir, Eikjuvogi 28,  
104 Reykjavík, 2007, 553 1929, 893 1929,  
runaeinars@hotmail.com

#### *Laugarnessókn*

Hörður Jóhannesson, Sigtúni 25,  
105 Reykjavík, 2009, 553 1553, hj@lra.is

#### *Seltjarnarnessókn*

Margrét Albertsdóttir, Bakkavör 5,  
170 Seltjarnarnesi, 2009, 561 2696, 693  
4707, margret@islandia.is  
Guðmundur Magnússon, Valhúsabraut  
4, 170 Seltjarnarnesi, 2009, 551 4258,  
stefnumid@visir.is gm@aberandi.is

#### **Kjalarnesprófastsdæmi**

##### *Keflavíkurkirkja*

Leifur Ísaksson, Heiðarholti 22, 230  
Reykjanesbæ, 2008, 421 5181, 897 3895,  
leifisak@simnet.is

##### *Ofanleitissókn*

Steinunn Einarsdóttir, Vestmannabraut  
36, 900 Vestmannaeyjar, 2004, 481 3208,  
steinaein@simnet.is  
Guðbjörg Matthíasdóttir, Birkihlíð 17, 900  
Vestmannaeyjar, 2006, 481 2312

#### **Borgarfjarðarprófastsdæmi**

##### *Garðaprestakall*

Sigríður Kr. Valdemarsdóttir, Vesturgötu  
105, 300 Akranes, 2004, 431 1542,  
siggav@prentmet.is  
Ragnheiður Grímsdóttir, Vogabraut 42,  
300 Akranes, 2004, 431 2058,  
vogabraut@gmail.com

#### **Eyjafjarðarprófastsdæmi**

##### *Akureyrarsókn*

Jón Oddgeir Guðmundson, Glerárgötu 1,  
600 Akureyri, 2004, 462-4301, 894-4301  
jonoddgeir@simnet.is

##### *Lögmannshlíðarsókn*

Svanhildur Bragadóttir, Huldugili 68,  
603 Akureyri, 2005, 462 7525, 891 7525,  
Anna Gréta Baldursdóttir, Langholti 17,  
603 Akureyri, 2005, 462 1017, 899 3213,

##### *Þingeyjarprófastsdæmi*

##### *Húsavíkursókn*

Óskar Jóhannsson, Grundargarði 5,  
640 Húsavík, 2008, 899 2899, 464 1755,  
oj@simnet.is, husavikurkirkja@simnet.is,

##### *Skinnastaðasókn*

Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk,  
Öxarfjarðarhreppi, 671 Kópasker, 2004,  
465 2235

#### **Raufarhafnarsókn**

##### *Vallanesprestakall*

Gísli Guðmundsson, Kaldá, Vallahreppi,  
701 Egilsstöðum, 2005, 471 1729,  
894 1729, solskogar@simnet.is

#### **Rangárvallaprófastsdæmi**

Þórdís Ingólfsdóttir, Kambi, Holta- og  
Landsveit, 851 Hellu, 2004, 487 6554,  
gorn@mmedia.is

#### **Stjórn**

##### *Adalmennt:*

Þorsteinn Pálsson  
Lóa Skarphéðinsdóttir  
Gunnar Sigurðsson

##### *Varamenn:*

Sr. Elínborg Sturludóttir  
Hrafnhildur B. Sigurðardóttir

##### *Skoðunarmenn reikninga*

Guðlaugur Gunnarsson  
Dúfa Sylvía Einarsdóttir



Heimasíða: [www.help.is](http://www.help.is)

Gjafabéf: [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is)

Framlög: [www.framlag.is](http://www.framlag.is)

Ungliðahreyfing: [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is)